

STEINUNN BERGSTEINSDÓTTIR

Ræktar orkídeur  
heima

tísk heimili heilsa

allt í MIÐJU BLAÐSINS



AUSTURLAND

Iðandi fuglalíf við  
Djúpavog

Sérblað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐID

7. september 2006 — 239. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

### Öflugt fræðslustarf í vetrur

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri fræðsludeilda Listasafns Reykjavíkur, skipuleggur fræðslu um íslenska myndlist fyrir alla aldurs-hópa.

MENNING 38

### Kátil peningamenn

Sumarmyndirnar náðu sér á strik í miðasölnunni þetta sumar.

KVIKMYNDIR 42

### Pólitisk en róleg

Órafmögnuð Patti Smith léti gamminn geisa í Háskólabíó.

FÓLK 46

### Alfreð byrjar með látum

Alfreð Gíslason landsliðspjálfari byrjar keppnistímabilið með miklu látum hjá Gummersbach þótt hann sé með mikil breytt lið í höndunum. Í gær lutu meistarar Kiel í lægra haldi fyrir Alfreð og félögum.


ÍPRTTIR 50

### VEÐRIÐ Í DAG



Rigning eða skúrir í dag verður yfirleitt suðvestan 5-8 m/s en suð-austlægari allra austast. Rigning eða skúrir en úrkumuminna síðdegis. Hiti 10-16 stig, hlýjast austan til.

VEDUR 4



AUSTURLAND

Iðandi fuglalíf við  
Djúpavog

Sérblað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## Slæmri stöðu Strætó leynt

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokkssins segir fyrrum stjórnarformann Strætó bs., borgarfulltrúa R-listans, hafa leynt upplýsingum um slæma fjárhagsstöðu fyrirtækisins fram yfir kosningar. Fyrrum stjórnarformaður segir þetta dylgjur og að málið hafi ekki verið kynnt í borgarráði til að forðast fjölmíðaumræðu.

**SAMGÖNGUR** „Fyrrverandi stjórnarformaður Strætó, Björk Vilhelmsdóttir, bá borgarfulltrúi R-listans, kaus að halda upplýsingum um alvarlega fjárhagsstöðu fyrirtækisins frá borgarráði fram yfir sveitarstjórnarkosningar í maí, líklega til að forðast óþægilega umræðu,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokkssins.

Skýrslan var lögð fram á stjórnarfundi Strætó 16. mars síðastliðinn en sveitarstjórnarkosningar fóru fram seinni hluta maímánaðar. Skýrslan hefur ekki enn verið gerð opinber.

Björk Vilhelmsdóttir segir að engu hafi verið leynt og að þetta séu ótrúlegar dylgjur frá fulltrúa meirihlutans í borgarstjórn. „Það var ákvæðið í stjórn Strætó bs. að kynna fjárhagsstöðuna fyrst á eigendafundi og það var vilji til þess að gera þetta ekki að fjölmíðaumræðu sem oft gerist þegar mál eru gerð opinber í borgarráði.“

„Þetta er svört skýrsla og þar kemur fram að fjárhagurinn er í rúst,“ segir Kjartan. Frávikið í nýsamþykktum fjárhagsáætlun ársins 2006 hafi verið svo mikil að Björk hefði bá þegar átt að gera ráðstafanir til að upplýsa borgar-

“ Petta er svört skýrsla og þar kemur fram að fjárhagurinn er í rúst.

**KJARTAN MAGNUSSON**  
BORGARFULLTRÚI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSSINS

ráð um þessa alvarlegu stöðu. Ljóst sé að hallarekstur fyrirtækisins lenti fyrst og fremst á borgarsjóði, sem greidi sjötíu prósent af opinberum framlögum til þess.

„Þegar ný stjórn tók við fyrirtækini í júní kom í ljós að tap fyrirtækisins hefði að óbreyttu vart orðið undir þrjú hundru

milljónum á árinu, umfram þær 1.595 milljónir sem eigendur höfðu lagt fram til rekstrarins,“ segir Kjartan.

Björk neitar því að hún hafi borið upplýsingaskyldu gagnvart borgarráði. Stjórnin fari algjörlæg með ábyrgðina. „Ég upplýsti meirihluta borgarstjórnar um að meira fjármagn þyrfti og við fórum vel yfir hvernig hægt væri að minnka rekstrarkostnaðinn. En bað var ekki vilji hjá borginni að minnka þjónustuna, því við trúðum að nýtt leiðakerfi myndi skila sér í því að efla almenningssamtökum.“

-sdg



**FRÁBÆR STEMNING EN ENGIN STIG** Það var sannkólluð þjóðháttárstemning hjá þeim tíu þúsund áhorfendum sem mættu á leik Íslands og Danmerkur á Laugardalsvelli í gær. Þessi góða stemning skilaði engu því Danir unnu öruggan og sanngjarnan sigur, 0-2. - sjá síðu 53

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Fyrirliðið íslenska landsliðsins ósáttur í leikslok og strunsaði beint út af vellinum:

## Áhorfandi slasaðist í stúkunni

**LANDSLEIKUR** Íslenskur áhorfandi slasaðist á landsleik Íslendinga og Dana í gær, þegar hann fell í tröppum í nordurenda nýju áhorfenda-stúkunnar að leið út eftir leikinn.

Áhorfandinn skal harkalega með höfuðið í tröppurnar og fékk skurð á höfuði sem blæddi mikil úr og hugsanlega heilahristing.

Sjúkraflutningamenn frá slökkviliðinu voru á svæðinu og var áhorfandinn fluttur á slysadeild Landspítalans til aðhlýningar. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu leikur grunur að ölvun hafi verið í spilinu.

Petta er ekki fyrsta óhappið sem á sér stað í þessar stúku, sem er minna en mánaðargömlum. Hún var vígð 15. ágúst síðastliðinn þegar setið var í henni í fyrsta skipti á landsleik Íslendinga og

Spanverja. Meðan á leiknum stóð hrundu nokkrar sætaraðir en sætin höfðu verið fest rétt áður en flautað var til leiksins.

Framkvæmd við nýju stúkuna fólk í sér að gamla stúkan var stækkuð til nordurs og suðurs og sætum á vellinum þannig fjölgæð í tíu þúsund.

Danirnir sigruðu leikinn 2-0 og skorðu fyrsta markið eftir aðeins fjögurra mínútu leik. Sló það Íslendingana í fyrstu út af luginu. Þó sköpuðust nokkur góð færð bangað til seinna markið kom.

Um leið og flautað var til leiksloka strunsaði fyrirliði íslenska landsliðsins, Eiður Smári Guðjohnsen, út af vellinum og inn í búningesklefa. Flestir aðrir leikmenn liðsins klöppuðu fyrir áhorfendum sem mættu á völlinn. -sdg



**FLUTTUR Á SJÚKRABÖRUM** Áhorfandi hrásatíðið í nýju stúkunni og þurfti að flytja hann á slysadeild. Skall hann harkalega í tröppurnar og hlaut skurð. FRÉTTABLAÐID/VILLI

Líffræðingur fyrir dómi:

## Rífur upp að-fluttar jurtir

**LOS ANGELES, AP** Robert van de Hoek er kominn fyrir dómstóli í Kaliforníu eina ferðina enn. Yfirvöldin segja hann skemmdarvarg að aðdáendur hans segja hann pís larvott.

Van de Hoek er líffræðingur, var áður eftirlitsmaður í almenningsgarði, en gengur nú um og rífur upp plöntur. Eingöngu þó aðfluttar plöntur, sem hann telur eyðileggja upprunalega gróðurfarið í Kaliforníu.

Fyrir tæpum tíu árum var hann dæmdur í þriggja ára skilörðsbundið fangelsi fyrir að eyðileggja útlendar jurtir. Nú á hann yfir höfði sér dóm í sex málum, sem öll varða fangelsivist og háar sektir. -gb



*Heiðar, áttu fótum þínunum fjör að launa?*

*„Nei, ég er mjög sáttur við að Elli kerling nái mér.“*

Danskskóli Heiðars Ástvaldssonar á fimmtíu ára starfsfæli um þessar mundir, sem Heiðar ætla ekki að fagna sérstaklega. Ástæðan er sú að bæði hann og konan hans eiga stórafmæli á árinu.

Karlmaður dæmdur í Burnley:  
Fékk sextán mánaða dóm

**DÓMSMÁL** Guðni Steinar Snæbjörnsson, 23 ára gamall Reykvikur, var í gær dæmdur í sextán mánaða fangelsi fyrir að eiga í kynferdislegum samskiptum við 14 ára gamla stúlkuna á hótelherbergi í Burnley. Frá þessu greindi fréttavefur breska ríkisútvarpsins, BBC, í gær.

Lögreglan í Burnley handtók Guðnu á hótelherbergi í febrúar á þessu ári en hann hafði átt í samskiptum við stúlkuna í gegnum verdarvefum um nokkurt skeið. Samkvæmt fréttum BBC kom hann í tvígang til Burnley, í september og desember á síðasta ári, til þess að heimsækja stúlkuna, og dvaldi meðal annars á heimili hennar í september.

Líklegt þykir að hann geti losnað úr fangelsi innan fárra mánaða bar sem hann hefur setið í gæsluvarðhaldi í sjó mánuði. - mh

Allsherjarnefnd fundar í dag:  
**Fangelsismálastjóri á fundinn**

**STJÓRNMÁL** Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins, verður gestur á fundi Allsherjarnefndar Alþingis í dag.



Málefni fangelsa verða til umræðu á fundinum en þau hafa verið til umfjöllunar í samfélöginni síðustu daga.

**VALTÝR SIGURÐSSON** Fulltrúar Samfylkingarinnar í nefdinni óskuðu eftir að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sæti fundinn en varð ekki að þeirri ósk sinni. Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinum, mun hins vegar sitja hann fyrir hönd ráðuneytisins.

- bps

Jarðvinnuverktakar horfa fram á verkefnaskort vegna útboðsbanns í vegagerð:

## Vetrarkvíði hjá jarðverktökum

**FRAMKVÆMDIR** Jarðvinnuverktakar eru uggandi um framtíð sína því engin stór verkefni í jarðverktökum á vegum hins opinbera eru í bígerð. Öll útboð á svíði vegagerðar voru sett á ís í sumar og var það líður í aðgerðum stjórnvalda til að slá á verðbólgu.

„Mörgum stórum verkefnum lýkur fyrripart vetrar eða um og upp úr áramótum og svo er fátt framundan,“ segir Árni Jóhannesson hjá Samtökum iðnaðarins.

Þetta er í fyrsta sinn í nokkur ár sem óvissa er meðal jarðvinnuverktaka en undanfarin ár hafa beir haft við sýssum fyrir mörgum stórum verkefnum. Árni segir vetrar-



**GRAFIÐ FYRIR NÝJUM VEGI** Jarðvinnuverktakar hafa nóg að gera þessar vikurnar en horfa fram á verkefnaskort eftir áramót.

kvíða gæta meðal jarðverktaka. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar

miðuðust við að efna ekki til útboða en áfram er unnið að hönnun og undirbúningi verka. Enginn veit hins vegar hvenær þau verða boðin út. „Við skiljum þessi sjónarmið og höfum fengið við sýssum fyrir að undirbúningi er haldid áfram. Það er því ekki spurning hvort, heldur hvenær verður farið af stað,“ segir Árni.

Nú um stundir hafa allir jarðvinnuverktakar nóg að gera, enda áhersla lögð á að ljúka mörgum verkum fyrir veturinn. Árni segir miklar breytingar hafa orðið í greininni, fyrirtækin séu orðin miklu stærri en þau voru og boli því litla bið eftir nýjum verkum. - bps

Árásarmaður ákærður:

## Skallaði mann í andlitið á bar

**ÁKÆRA** Tuttugu og þriggja ára karlmaður var ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir líkamsáras í gær.

Hann er ákærður fyrir að hafa skallað mann í andlitið á veitingahúsinu Broadway í byrjun maí í fyrra, með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut bólgu í andliti, nefbrotnaði og framtíðinn í neðri gómi brotnaði.

Ákærvaldið krefst bess að hinn ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst þolandí að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð tæplega 350 þúsund króna. - aþe

# Íslenskir verkamenn breyttir á ástandinu

Byggingamarkaðurinn stjórnast af vertíðarhugsun erlendra starfsmanna. Íslenskir iðnaðarmenn eru þreyttir á því að vinna myrkranna á milli og komast ekki burt, eins og erlendu starfsmennirnir. Félagsleg tengsl vantar á vinnustaði.

**VINNUMARKADUR** Erlendir starfsmenn hafa breytt vinnutíma og vinnumenningu í byggingariðnaði hér á landi. Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segist finna fyrir því að íslenskir iðnaðarmenn séu orðin langþreyttir á ástandinu.

„Erlendir starfsmenn koma hingað til að vinna í þriggja mánaða lotu. Þeir vilja vinna mikil því að þeir fara svo heim í tveggja til þriggja vikna frí,“ segir Þorbjörn. „Þetta er farið að trufla og breyta Íslendingana því að þeir hætta ekki í tvær til þrjár vikur.“

Vinnufyrirkomulag erlendra starfsmanna er leiðandi í vinnumenningu á byggingarsvæðum, að sögn Þorbjörns. „Íslendingarnir eru yfirmenn og þeir eru bundnir yfir þessu. Útlendingarnir eru hins vegar að vinna af sér til að komast í frí.“

**“**Vinnustaðir eru ekki bara til að ná sér í laun, þeir eru líka félagslegur vettvangur.

**ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMIÐNAR

Fyrir nokkrum árum var talið að vinnutíminn fær að styttast en síðustu ár hefur það verið þvert á móti, iðnaðarmenn vinna bæði á laugardögum og sunnudögum. Þegar við bætist að hlutfall erlendra starfsmanna er hátt og málakunnáttu lítil þá hafa samáskiptin versnað.

Þorbjörn kveðst finna fyrir



**MENNINGIN HEFUR BREYST** Ekki er óalgengt að Íslendingur sé láttinn stjórnna fimm til sex útlendingum sem oft eru mállausir og vilja vinna myrkranna á milli því að þeir eru á vertið. Erlendu starfsmennirnir komast heim í tveggja til þriggja vikna frí en íslendingarnir eru bundnir yfir þeim og komast ekki í frí.

þreytu meðal byggingamannanna gagnvart lítill málakunnáttu.

„Vinnustaðir eru ekki bara til að ná sér í laun, þeir eru líka félagslegur vettvangur. Þegar menn geta ekki talað við nema líttin hluta af vinnufélagunum hefur það áhrif,“ segir hann.

EKKI ER ÓALGENGTD AÐ ÍSLENDINGUR SÉ LÁTTINN STJÓRNNA FIMM TIL SEX ÚTLENDINGUM. Þorbjörn bendir á að Íslendingurinn geti stundum ekki haft nein almenn samskipti við þá og varla komið til skila hvað á að gera. Kannski sé einn túlkur á svæðinu, kannski ekki.

„Bað verða ekki þessi félags-

legu tengsl sem eru eðlileg á vinnustað og við finnum fyrir því. Samskipti verða miklu erfðari,“ segir hann.

Iðnaðarmenn hafa nokkrar áhyggjur af undirboðum og atvinnuástandi meðal Íslendinga þegar verkefnum lýkur og hægist á bygginga- og framkvæmdamarkaðnum. Þorbjörn segir að Samiðn líti almennt svo á að Íslendingar gangi fyrir í vinnu. „Auðvitað óttast maður að það verði undirboð þegar samkeppni um störfin eykst. Það er þekkt fyrirbæri og getur gerst hér.“

għs-frettabladid.is

Dómur í heraðsdómi:

## Síbrotamaður hlaut 6 mánuði

**DÓMSMÁL** Tuttugu og átta ára gamall karlmaður var í gær dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir ýmis lögbro.

Hinn daemdi á að baki langan og óslitinn sakferil sem nær allt aftur til ársins 1996. Frá þeim tíma og fram til júní árið 2003 hlaut hann fjtórtán sinnun refsingu fyrir ýmis brot.

Brotin voru framin á tímabilinu frá því í mars 2004 til júlí 2005. Hann var sakfelldur fyrir þjófnaði úr fataverslunum, vörlu fíknina, fyrir að aka án ökuðréttinda, fyrir að stela eldsneyti af bensinstöðvum og líkamsáras. - aþe

Japanska prinsessan Kiko gekkst undir keisaraskurð:

## Fyrsta sveinbarnið í fjörtíu ár

**JAPAN, AP** Kiko prinsessa, eiginkona Akishinos yngri sonar Akihitos Japanskeisara, ól í gær son og er hann fyrsta sveinbarnið sem fæðist í keisarafjölskyldunni í fjörtíu ár. Þar með er botninn að mestu dottinn úr umræðu um það hvort breyta eigi fornum reglum um ríkiserfðir í Japan, þannig að kona geti erft keisarað.

Barnið var tekið með keisaraskurði á sjúkrahúsí í Tókýó. Drengurinn er þriðji í ríkiserfðaröðinni á eftir föður sínum og föðurbróður, krónprinsinum Naruhito. Hirdin í Tókýó tilkynnti að greint yrði frá nafni hins nýfæddra prins næstkomandi þriðjudag.

Fréttinni af fæðingu sveinsins var tekið með kostum og kynjum í Japan, ekki síst meðal íslakmannar, sem mjög höfðu beitt sér gegn hreyfingu þeirra sem brýstu á um að ríkiserfðareglunum yrði breytt. Dagblöð gáfu út aukablöð sem rifin voru út og sjónvarpsstöðvar sendu út þeirri allan daginn af sjúkrahúsini og sýndu inni á milli heimildapætti um foreldrana. Þau eiga tvær dætur fyrir.

„Þetta er stórkostlegt,“ sagði Junichiro Koizumi forsætisráðherra er hann var inntur eftir viðbrögðum við tíðindunum. „Ekki aðeins keisarafjölskyldan



**FAGNAÐARFRÉTTIR** Tókýóbúar lesa aukablöð sem gefin voru út til að flytja fréttir af fæðingunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP  
heldur öll japanska þjóðin hlýtur að hafa fundið til mikillar gleði,“ sagði hann.



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

# Húsasmíðju- útsalan

*...um land allt*

allt að  
**80%**  
afsláttur

2.339  
11.695

Allar  
Bensín  
sláttuvélar á  
kostnaðarverði

Gasyljari  
2999717



Hleðsluborvél  
18V, 2 rafhlöður, taska  
5245004

Öll ljós  
**30%**  
afsláttur

9.999  
17.900



Reiðhjól  
26"  
3899940



50%  
afsláttur  
af völdum  
skjólgirðingum

Reiðhjól  
24"  
3899941



## Útsala ársins !!!

öll útsöluvara á að seljast



**HÚSASMIÐJAN**  
...ekkert mál

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjalur	69,1 69,42
Sterlingspund	130,35 130,99
Eura	88,5 89,0
Dönsk króna	11,861 11,931
Norsk króna	10,867 10,931
Sænsk króna	9,512 9,568
Japansk jen	0,593 0,5964
SDR	102,59 103,21

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
122,0622

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Ahmadinejad í transforseti: Dulbúin hótun í garð Bush

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, ítrekaði í gær tilboð sitt um viðræður við George W. Bush Bandaríkjaforseta. Hann sagði réttast að þær viðræður færð fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York.



MAHMOUD AHMADINEJAD

Jafnframt sagði hann að sá sem hafnar boði hljóti ill örlög. Skilja mátti þetta sem dulbúna hótun til Bush. „Þetta er ekki hótun frá mér. Þetta er hótun frá öllum alheimum. Alheimurinn snýst gegn kúgum,“ sagði Ahmadinejad.

Bush sagði á þriðjudaginn að hann myndi aldrei leyfa Írónum að koma sér upp kjarnorkuvopnum, og „enginn forseti Bandaríkanna í framtíðinni getur leyft það,“ sagði Bush.

- gb

**HEILBRIGÐISMÁL****Farsímarnir gagnlegir**

Endurlífgun tekst í 41 prósent tilfella eftir hjartastopp og nítján prósent útskrifast af sjúkrahúsi. Árangur endurlífgunartilauna er svipaður og áður þrátt fyrir að útkallstími neyðarbils hafi lengst um nútíu sekúndur. Þetta kemur fram í rannsókn Gests Borgirssonar. Með tilkomu farsíma hefur sá tími styst verulega þar til hringt er á hljóp í neyðartilfellum.

**LEIÐRÉTT**

Björgvin G. Sigurðsson þingmaður var ranglega sagður Guðmundsson í myndatexta í blaðinu í gær.

Röng vefsíð fylgdi frásögnum blaðsins í gær af göngu tveggja íslenskra fjallgögumanna í Írígistan. Hægt er að lesa ferðasögu þeirra á slóðinni www.utivera.is á netinu.

Tony Blair harðlega gagnrýndur af eigin liðsmönnum:

# Ekki þjóðinni til framdráttar

**LUNDÚNIR, AP** Sjö embættismenn ríkisstjórnar Tony Blairs sögðu upp störfum í gær í mótmælaskyni við tregðu hans við að tilkynna hvenær hann ætti að láta af embætti. Einn embættismannanna er Tom Watson, en hann var meðal undirritaðra á hvatningarskjali sem lekið var til fjölmíðla í fyrradag. Á skjalið settu 38 þingmenn Verkamannaflokkssins nafn sitt undir beiðni til Blairs um að segja að sér, fyrr en seina.

„Eg tel ekki lengur að áframhaldandi seta bíð í embætti sé floknum eða landinu til framdráttar,“ sagði Watson í uppsagnarbréfi sínu í gær. Blair sagði



TONY BLAIR  
Prýst á forsætisráðherrann að hann segi að sér, eða í það minnsta tilkynni um hvenær hann ætti að hætta.

NORDICPHOTOS/AFP

seinna að hann hefði rekið Watson sjálfur, ef aðstoðarráðherrann hefði ekki verið fyrr til að segja að sér, enda hefði ákvörðun Watsons um að skrifa undir verið „svíksamleg og ósvínfin.“

Miklar vangaveltur eru uppi í Bretlandi um hvenær Blair tilkynni um afsögn sína og í gær birti til dæmis dagblaðið Sun frétt þess efnis að forsætisráðherrann myndi segja að sér þann 31. maí, en blaðið gat ekki um heimildir og skrifstofa forsætisráðuneytisins vildi ekkert um fréttina segja.

Tony Blair lýsti því yfir í kosningabaráttuni síðustu að hann myndi ekki sækjast eftir endurkjöri árið 2009, heldur segja að sér á kjörtímabilinu. Hann kvað bó ekki fastar að orði en svo að segja að eftirmaður sinn fengi „tíma“ til að koma sér fyrir í embætti.

- kóp

Kona ákærð fyrir fjárdrátt:

## Dró sér rúm 150 þúsund

**DÓMSMÁL** Ákæra yfir fertugri konu vegna fjárdráttar var pingfest fyrir héraðsdomi Reykjavíkur í gær.

Konan er sökuð um að hafa á tímabilinu september til desember árið 2003, er hún starfaði sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hjá ónefndu fyrirtæki, dregið sér rúmar 150 þúsund krónur af meðlagsgreiðslum. Konan mun hafa dregið sér tæpar fjrótíu þúsund krónur í fjögurra mánaða tímabili.

Ákæruvaldið fer fram á refsingu yfir konunni.

- aþe

# Neyddi kvalara sinn til að halda upp á jól

Natascha Kampusch rauf í gær þögnina í þremur viðtölum, þar sem hún tjáði sig um vistina hjá mannræningjanum Wolfgang Priklopil. Hún segist hafa látið sig dreyma um að höggva af honum hausinn og hugsaði stöðugt um flótta.

**AUSTURÍKÍ** „Ég hugsaði stöðugt um að flýja,“ sagði Natascha Kampusch, hin átján ára gamla austurríksa stúlka sem fyrir tveimur vikum flúði frá mannræningja sínum.

Hún kom í gær í fyrsta sinn fram opinberlega og tjáði sig um dvölinu hjá Wolfgang Priklopil, sem hélt henni í átta ár nauðugri í litlum sérútbúnum klefa undir bílskurnum heima hjá sér.

Eftir að hún slapp út hefur hún dvalist á sjúkrahási í Vínborgar þar sem hún segir að sér líði vel, umkringd læknum og sálfræðingum. Það eina sem hrjái hana sé kvef, sem hún var ekki lengi að smitast af eftir að hún slapp úr einangruninni.

Hún kom fram í sjónvarpsviðtali, sem austurríksa sjónvarpsstöðin ORF sýndi í gærkvöld, og einnig birtust í gær við hana viðtöl í tveimur austurrískum blöðum, vikuritinu News og dagblaðinu Kronen-Zeitung.

Hún sagðist ekki vilja tala mikil um ræningja sinn, en viðurkenndi þó að hafa stundum hugsað illa til hans. „Stundum dreymdi mig um að höggva af honum hausinn, ef ég hefði átt öxi.“

Hún segist ekki hafa skipulagt flóttu sinn fyrirfram, en frá tölf ára aldri hafi hún stöðugt hugsað um það, hvenær hún yrði tilbun til þess að flýja. Þegar stundin kom tók hún ákvörðun mjög skyndilega. „Ég vissi á þeirri stund, að ef ég gerði það ekki nú, þá kæmi tækifærið kannski aldrei aftur.“

Daginn sem henni var rænt, 2.



BLÖÐIN SELD Í VÍNARBORG Myndir af Natöschu Kampusch prýdu forsíður blaðanna tveggja í gær, þar sem birt voru fyrstu viðtölin við hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

mars árið 1998, fór hún ein í skólan og sá á leiðinni grunsamlegan mann sitja í bífreið. Hún segir að það hafi hvarflað að sér að fara yfir götuna, vegna þess að henni leist ekki á mannin, en sagt við sjálfá sig: „Hann bítur þig ekki. Og ég gekk bara áfram. Og hann réðst á míg. Ég reyndi að óskra, en það kom ekkert hljóð.“

Fyrst þegar hún kom í klefan þurfti hún að dúa þar góða stund í niðamyrkri. „Það var hræðilegt. Ég var að fá innilokunarkennd og sló með vatnsflöskum í veggina eða með hneneum.“

Fyrsta hálfá árið fékk hún aldrei að fara út úr klefanum, en eftir það mátti hún fara upp á baðherbergi til að þvo sér. „Hann var mjög tortrygginn.“

Hún segist hafa neytt hann til

bess að halda upp á jól og pásku með sér, og hún fékk að halda upp á afmælið sitt.

Seini árin fékk hún oft að fara út úr húsi í fylgd Priklopils, en hann hafi hótað því að drepa alla sem hún myndi reyna að hafa samband við. „Óg ég gat ekki tekið áhættauna á því.“

Í búðum kom stundum afgreidslufólk til hennar og spurði: Get ég aðstoðað ýður? „Óg þá stóð ég að dauðhrædd og lokað og með hjartslátt og blóðrásartruflanir. Óg gat mig varla hreyfum.“

Hún var meðal annars spurð að því, hvernig hún hafi lært að lifa með einsemdirni. „Ég var ekkert einmana. Í hjarta mínu var fjölskyldun míni. Og góðar minningar lifðu alltaf með mér.“

gudsteinn@frettabladid.is



BARNAHÚS Verðlaunað fyrir framfarir í vinnslu kynferðisafbrotamála.

Barnahús fær verðlaun:

## Fleiri þjóðir vilja Barnahús

**BARNAHÚS** Barnahús er hefur hlutið verðlaun alþjóðlegu barnaverndarsamtakanna ISPCAN.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, tók við verðlaununum, sem veitt eru fyrir framfarir í vinnslu á kynferðisafbrotamálu á Íslandi. „Það má einnig segja að Barnahús sé framlag okkar til annarra landa þar sem þjóðir eins og Noregur og Svíþjóð eru að taka þetta fyrirkomulag upp eftir okkur.“

Viðurkning Barnahúss er líkleg til að skapa enn frekari áhuga á módelinu víða um heim. - hs

Bílvelta við Akureyri:

## Missti stjórn á bifreiðinni

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður á tvítugalsaldi missti stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hún valt við bæinn Grjótagarð í Hörgárbyggð, skammt norðan Akureyrar um tvö leytið í fyrrinótt.


Ökumaðurinn var einn á ferð þegar óhappið varð og hlaut hann minniháttar meiðsl. Hann var með meðvintund þegar sjúkralið bar að garði og var hann fluttur til aðhlynningar á Fjörðungs-sjúkrahásið á Akureyri. Honum var halðið þar yfir nöttina en var svo útskrifaður um hádegið í gær.

Bifreiðin er mikið skemmd, ef ekki ónýt.

- aþe

**VEDURSPÁ**

um hádegi »



» á morgun



3-8 m/s

um hádegi »

Kaupmannahöfn	19°C rigning	London	22°C hálfskýjað	Alicante	27°C skúrir
Oðinsvé	19°C ringing	Paris	27°C hálfskýjað	Mallorca	30°C létskýjað
Osló	15°C skúrir	Frankfurt	27°C hálfskýjað	Algarve	31°C hálfskýjað
Stokkhólmur	13°C rigning	Friedrichshafen	28°C hálfskýjað	Krit	29°C heiðskírt
Gautaborg	17°C skúrir	Berlin	27°C hálfskýjað	Las Palmas	29°C heiðskírt

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**BÍLL DAGSINS****ISUZU TROOPER 3.0 33"**

Nýskr. 09.99 - Beinskiftur - Ekinn 118 þús. - Allt að 100% lán.

# Lambaveisla í Nótatúni

í 40 ár



# LAMBASÚPUKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

**498** kr.  
kg



RIGGA PIZZUR  
SINKU EÐA PEPPERONI

**149** kr.  
stk.



LIFRAPYLSA, SOĐIN  
**499 kr. kg**



LIFUR HJÖRTU NÝRU  
**198 kr. kg** **298 kr. kg** **98 kr. kg**



# FISKIBOLLUR ÚR FISKBORDI



HM LÍFRÆNT  
COUSCUOS

**299** kr.  
pk.



GOÐA REYKT  
KINDABJÚGU

**479** kr.  
kg



SPECIAL K  
6 STK

**249** kr.  
pk.



**KJÖRKASSINN**

Förstu í lax- eða silungsveiði í sumar?

Já	26%
Nei	74%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu búin(n) að fara í berjamó í sumar?

Segðu þína skoðun á visir.is **visir**

Gunnar Örlygsson:  
Ákveður sig í næsta mánuði

**STJÓRNMÁL** Gunnar Örlygsson, þingmaður Sjálfstæðisflokkssins í Suðvesturkjördæmi, hefur ekki ákveðið hvort hann sækist eftir áframhaldandi þingmennsku. „Ég mun taka ákvörðun í október um hvort ég velji pólitíkina eða þau verkefni sem bíða míni í sjávarútvegi á svíði sölu- og markaðsmála,“ sagði Gunnar í samtíð við Fréttablaðið í gær.

Áður en Gunnar settist á þing stundaði hann ýmis störf á svíði sjávarútvegs, meðal annars sjómannsku, sölu og útflutning.

Gunnar var kjörinn á þing fyrir Frájálslynda flokksins í kosningum 2003 en gekk í Sjálfstæðisflokkinn á vordögum 2005. - bps

Sextán ára hnífssstungumaður:  
**Priggja vikna gæsluvarðhald**

**DÓMSMÁL** Sextán ára piltur hefur verið úrskurðaður í priggja vikna gæsluvarðhald. Hann er grunaður um að hafa stungið 25 ára gamlan karlmanni í bakið með hnifi í Laugardal aðfaranott þriðjudags. Honum er einnig gert að sæta geðrannoskn.

Lögreglan greindi frá því að fórnarlambið og árasarmaðurinn hefði verið kunnugir og svo virðist sem árásin hafi verið tilefnislaus. Þeim særða tökst að aka á slysadeild og reyndust meiðsl hans ekki eins alvarleg og fyrst var talið. Pilturinn hefur játað verknaðinn. Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn hefur verið kærður til Hæstaréttar.

- kdk

Karfaveiðar í Síldarsmugunni:  
**Segir veiðarnar stórhættulegar**

**SIÁVARÚTVEGUR** Íslendingar halda á karfaveiðar á alþjóðlega hafsvæðinu í Síldarsmugunni á næstunni. Íslenskur floti hefur aldrei áður veitt markvisst úr karfastofnunum og varar Þorsteinn Sigurðsson, hjá Hafrannsóknastofnum, eindregið við þeim.

Hafrannsóknastofnum benti sérstaklega á það í vor áðan stand úthafskarfastofnins á Reykjaneshrygg véri með versta móti og sagði að grípa þyrfti til róttækrar veiðistjórnunar.

- kdk

## SAMGÖNGUR

### Jarðgöng á Tröllaskaga

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra skora á þingmenn og ríkisvald að láta gera hagkvæmishathug á því að grafa jarðgöng gegnum Tröllaskaga milli Hjaltadals og Eyjafjarðar. Samtökini vilja einnig að gerð verði úttekt að færa vegastæði á Holtavörðuheiði.

Porfinnur Ómarsson, talsmaður norrænu eftirlitssveitarinnar á Srí Lanka:

## Eftirlitssveitin lýsir ekki yfir stríði

**SRÍ LANKA** Norræna eftirlitssveitin, SLMM, mun ekki bregðast við beiðni Tamlatígrá síðan á mánudaginn, en hún var þess efnis að skorið yrði úr um hvort eiginlegt stríð væri hafið á eyjunni og hvort vopnahléssamningurinn væri fallinn úr gildi.

Porfinnur Ómarsson, talsmaður SLMM, sagði í viðtali við Fréttablaðið að það væri ekki í verkahring SLMM að rifta friðarsamningum. „Til að vopnahléið falli úr gildi þarf annaðhvort ríkisstjórn Srí Lanka eða Tamlatígrarnir að senda skriflega yfirlýsingu þess efnis til norsku ríkisstjórnarinnar. Norska ríkisstjórnin, sem fer með forræði í friðarferlinu, gæti einnig ákveðið að pakka saman og hætta þessu, en það gerum við ekki.“

Eftirlitssveitin mun hins vegar senda frá sér á næstu dögum ályktun um hvort ákvæði vopna-

hléssamningsins hafi verið brotin þegar árásin á vatnsveituna var gerð í síðasta mánuði, en hún tengist núverandi átkum við Sampur.

Tamlatígrarnir sögðu í gær á fundi við norska sendiherrann að ef þeim yrði ekki skilað Sampur-svæðinum aftur myndu þeir líta á það sem stríðsyfirlýsingu frá stjórnarhernum. Porfinnur segir að ef stríð brjótið út og samningnum verði sagt upp með formlegum hætti, njóti SLMM tveggja vikna friðhelgi til að yfirgefa eyjuna. „En ég sé það ekki í stöðunni, ég held að enginn sé að fara að segja þessum samningum upp, báðir aðilar hafa það mikinn hag af honum,“ sagði Þorfinnur í gær. - kóp

**LÍÐSMAÐUR SÉRSVEITAR STJÓRNARHERSINS** Þessi hermaður fylgist sérstaklega með hjóhestum, en þeir eru vin-sæl flutningatækí fyrir sprengjur og önnur vopn. PHOTOS/AFP



## Vörverð lækkar ef verndartollar hverfa

Matarverðið lækkar ekki nema Íslendingar afnemi tolla og vörugjöld og lækki virðisaukaskatt. Innkoma erlendrar lágvörverðsverslunar á íslenskan markað myndi lækka vörverðið, að mati framkvæmdastjóra sánska SVP.

**MATARVERÐ** Matarverð lækkar á Íslandi ef Íslendingar gera eins og Svíar, afnema tolla og vörugjöld og lækka virðisaukaskatt. Þetta er mat Thomas Svaton, framkvæmdastjóra samtaka um verslun og þjónustu í Svíþjóð, sem segir frá þróun matarverðs í Svíþjóð frá árinu 1990 á fundi hjá Samtökum verslunar og þjónustu nú í morgunsárið.

Innganga í Evrópusambandið myndi líka stuðla að lægra matvörverði, að mati Svaton, sem bendir á að íslenskir bændur fengju stuðning frá ESB með sama hætti og sánskir bændur hafa fengið. Hann telur líklegt að innkoma erlendrar lágvörverðsverslunar, á bord við Lidl, hefði örverdi áhrif á samkeppnina.

Matvörverð hefur lækkað verulega í Svíþjóð frá árinu 1990 þegar sánska ríkið ákvæðið að hætta stuðningi og niðurgreidiðslu á landbúnaðrvörum. Árið 1990 gengu Svíar inngöngu í ESB og lækkuðu um leið virðisaukaskatt á mat úr tuttugu og fimm prósentum í tólf prósent. Sánskur matvælaiðnaður hafði þá gengið í gegnum mikla hagræðingu og tekist að lækka kostnað sinn. Matarverð lækkaði verulega.

Matarverð hélst stöðugt á árunum 1995-2003 og fór heldur hækkanandi ef eittihvað var. Árið 2003 sötíð þýska lágvörverðskeðjan Lidl um sína fyrstu lóð í Svíþjóð. Matarverð fór lækkanandi áður en Lidl opnaði fyrstu verslunina. Lidl hefur í dag tveggja til þriggja prósent markaðshlutdeilda í Svíþjóð og matvörverðið fer stöðugt niður á við.



**HÁTT MATARVERÐ GETUR LÆKKAÐ** Afnám innflutningstolla og stuðnings við landbúnaðinn myndi stuðla að lægra matarverði hér á landi. Þetta er mat Ágúst Einarssonar professoress og Thomas Svaton, framkvæmdastjóra í Svíþjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



ÁGÚST  
EINARSSON

THOMAS SVATON

„Tilhugsunin ein um að Lidl komi til Íslands hefur áhrif á matvælaverði,“ segir Svaton. „Ef Lidl sækir um lóð í Reykjavík kemur það verðlækkun af stað.

Pað sáum við í Svíþjóð,“ segir hann og telur Lidl til alls trúandi. Keðjan opni sex hundruð verslunar á ári í Evrópu og ekkert óliklegt sé að þeir sjá tækifara á Íslandi.

Ágúst Einarsson, prófessor við Háskóla Íslands, telur hátt matvælaverð „heimatilbúinn“ vanda, lausnirnar séu til, aðeins vanti viljann til að framkvæma. Ágúst telur matarverð lækka með lægri tollum, vörugjöldum og virðisaukaskatti á matvælum. Einnig geti umbætur í landbúnaði skilað lægra verði. „Mikilvægasta þróunaraðstoðin sem við getum veitt er að léttum tollum í alþjóðaviðskiptum,“ segir hann. ghs@frettabladid.is

George Bush Bandaríkjaforseti viðurkennir tilvist leynifangelsa:

## Segir leynifangelsi nauðsynleg

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti viðurkennir tilvist leynilegum fangelsa víða um heim, þar sem leynijónustan CIA hefur haldið föngum sem grunaðir eru um hryðjuverkastarfsemi.

Hann sagði þó ekkert hvar þessi fangelsi væru. Hann nefndi nokkra af föngunum á nafn og sagði að fjörtán fangar myndu verða fluttir til fangelsis Bandaríkjahers við Guantanomo á Kúbu, þar sem þeir yrðu sóttir til saka.

„Það hefur verið nauðsynlegt að flytja þessa menn í umhverfi þar sem hægt er að halda þeim í leynum, gefa sérfræðingum færí á að yfirheyra þá og, þegar sver undir, sækja þá til saka fyrir hryðjuverk,“ sagði Bush.

Bandarísk stjórnvöld hafa til þessa ekki viljað viðurkenna að

bessi leynilegu fangelsi væru til, en þau hafa engu að síður sætt harðri gagnrýni fyrir að starfrækja þau. Ásakanir hafa gengið um að pyntingar hafi verið stundar að sumum þessara fangelsa.

Í gær birti jafnframt bandarísker herinn nýja handbók um yfirheyrlur fanga, sem verið hefur í smíðum í meira en ár. Þær eru settar strangar reglur um mannúðlega meðferð fanga, og meðal annars er lagt blátt bann við því að hræða fanga með hundum, hylja höfuð þeirra alveg með hettum og beita svonefndri vatnsbrettaðferð, sem veldur því að fanganum finnist hann vera að drukna.

Allar deildir bandarískra hersins purfa að fara eftir þessum reglum, en leynijónustan CIA er þó óbundin af þeim þar sem hún stendur utan hersins. Starfsmenn

leynipjónustunnar hafa að hluta til séð um yfirheyrlur fanga, sem herinn hefur í haldi, meðal annars við Guantanomo á Kúbu og í Abu Graib fangelsinu í Írak.

- gb



**GUANTANAMO** Fjörtán fangar bætast brátt í hóp þeirra sem fyrir eru í fangelsi bandarískra hersins við Guantanomo á Kúbu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðstefna um Evrópumál: Schengen-samstarfið rætt

**RÁÐSTEFNA** Próun Schengen-samstarfsins og það hvernig Ísland tengist samstarfi innan Evrópusambandsins á svíði réttars- og löggreglumála verður í brennidepli á ráðstefnu sem Evrópunefnd forsetið herra og Háskólinn á Bifröst standa fyrir nú í vikulokin.

Meðal fyrirlesara verða Erna Solberg, formaður norska Hægriflokkssins, og Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra og formaður Evrópu-nefndarinnar. Meðal spurninga er hvort flötur sé að því að fella samstarf ESB á svíði innanríkis- og dómsmála inn í EES-samninginn. Ráðstefnan fer fram að Gullhömrum í Grafarholti í Reykjavík á morgun.



**BEIRUT** Alþjóðlegir gæslulíðar taka við flugvöllum og höfnum í Libanon.

Árangur alþjóðlegs þrystings: Herkví aflétt af Líbanon í kvöld

**JERUSALEM, AP** Ríkisstjórn Ísraels mun afléttu í kvöld herkví þeirri sem Libanon hefur verið í síðan striðið hófst. Alþjóðlegir gæslulíðar eiga að taka við hlutverðsverslunar á Ísraela á flugvöllum og við hafnir Líbanons. Tilkynningin var gefin út stuttu eftir að utanríkisráðherra Líbanons hótaði því að hafnar- og flugbannið yrði brotið innan skamms, ef Ísraelar afléttu því ekki sjálfir.

Herkvíin hefur sætt harðri gagnrýni víða um heim, því hún hefur hamlad allri uppbryggingu og hjálpstarfi í landinu. Ísraelar sögðu hana naðsynlega til að Hizbollah næðu ekki vopnum sínum á ný.

Fríðindi færast í aukana:

## Fleiri karlar njóta fríðinda

**KJARAMÁL** Næstum þrír af hverjum fjórum félagsmönnum VR njóta hlunninda sem hluta af launakjörum sem er nokkur aukning frá árinu 2004. Fleiri karlar fá hlunnindi en konur eða áttu af hverjum tíu á móti tæplega sjó af hverjum tíu konum.

Sem hlunnindi má nefna styrki í líkamsrækt og fría farsíma en 29 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni fá fría farsíma frá vinnuveitenda sínum. Fleiri karlar eru með fría farsíma eða 48 prósent en aðeins 21 prósent kvenna.

- hs

# Frábær tilboð á raftækjum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind, Skeifu, Kringlu og á Akureyri

**exo**

Rafdrifinn kústur  
• Létur og þægilegur  
• Hægt að nota á öll gólf  
• Þráðlaus með hleðslu  
• 30 mínútna notkun á fullri hleðslu  
• Stillanlegt skaff  
• Auðvelt að hreinsa

GOTT  
VERÐ  
**4.990 kr**



**KENWOOD**

1800w ryksuga  
• Silfur  
• 2 fylgihlutir  
• Notar 5166010500  
ryksugupoka  
• Kraftmikil

TILBOÐ  
**6.990 kr**  
Verð áður 8.990,-



**exo**

Espresso kaffivél  
100w Espresso/  
Cappuccino kaffivél,  
15 bar og állituð.

TILBOÐ  
**7.990 kr**  
Verð áður 9.990,-



**exo**

Blandari með gleri  
450w blandari með  
glerkönnu.  
2 hráðastillingar  
og púls möguleiki.  
Innbyggður  
öryggisrofi, stál.

TILBOÐ  
**2.990 kr**  
Verð áður 3.990,-



**ide line®**

1800w ryksuga  
Rauð og silfur. Handhæg  
og kröftug, hljóðlát og vel  
búin. Kraftstilling, fylgihlutur  
og þyngd: 5,5 kg. Notar  
649050 ryksugupoka.

TILBOÐ  
**4.990 kr**  
Verð áður 5.990,-



**exo**

Hrærivél m/2  
skálum og 12  
hráðastillingum  
4,4 lítra hrærivél, tvær  
stálskálar, 4,4 l og 2,1 l.  
Tveir mótorar og  
snúningsskál.

TILBOÐ  
**9.990 kr**  
Verð áður 16.990,-



TILBOÐ  
**1.490 kr**  
Verð áður 2.490,-

**Melissa**

1800w töfrasproti m/skál og fylgihlutum  
1800w töfrasproti, 400 og 600 ml skálar. Ryðfrír hnifar  
og auðvelt að taka í sundur og hreinsa. Tvær hráðastillingar.



**ide line®**

Örbylgjuofn  
700w örbylgjuofn, 17 litra hvitur.  
Stærð i cm (bxhxd): 46,1x34,1x26



**KENWOOD**

Hrærivél  
700w, 4,6 l hrærivél. Þeytari, hnoðari og hrærari  
fylgja. Sjálfvirkur elektrónískur hráðastillir með púls  
möguleika.




**Melissa**

Matvinnsluvél m/blandara  
500w matvinnsluvél með mörgum möguleikum, 1,4 l skál og 1,3 l blandari.  
Tvær hráðastillingar með púls, hnifar úr ryðfríu stáli og margir aukahlutir.

Gildir til 14. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





## TOYOTA - sýning um helgina

Það blása ferskir vindar hjá Toyota um helgina á sýningunni HAUST 2006 þar sem bílafloti Toyota verður í sviðsljósinu.

Glæsileg áferð, fallegar litasamsetningar, smekklegt efnisval og framúrskarandi stíll. Sjáðu hvað hönnuðir Toyota hafa náð að skapa heildstætt útlit og hvernig Toyota gæðin eru bökstaflega klæðskerasniðin á þig og fjölskyld-una.

Komdu og mátaðu haustlínuna frá Toyota um helgina.  
Veitingar í boði.

Mörg spennandi tilboð og óvæntur kaupauki fylgir öllum nýjum bílum um helgina.

Auðveldari fjármögnun  
- Hærra lánshlutfall  
- Afsláttur af lántökugjöldum

Opið laugardag frá kl. 12 til 16 og sunnudag frá 13 til 16



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



**NÝSTÁRLEGUR KJÓLL** Þessi framúr-stefnulegi kjóll, sem skartar bæði neonljósum og farsínum, er eftir japanska hönnuðinni Mihara Yasuhiro. Hann var sýndur í Tókóy á þriðjudag.

FRÉTTABLAÐID/AP

Átræður skjalafalsari:  
**Hlaut þriggja mánaða dóm**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi 83 ára gamlan mann í þriggja mánaða skilordsbundið fangelsi fyrir skjalafalsi í gær.

Hinum dæmda var gefið að sök að hafa falsað undirskrift eiginkonu sinnar á skuldabréfi, að fjárhæð tæpar áttu milljónir króna með veði í fasteign beirra.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir rétti en hann hafði ekki gerst brotlegur við lög áður og því var refsing hans ákvörðuð með hliðsjón af því.

Fullnustu refsingarinnar var frestað og mun hún falla niður eftir tvö ár ef hin dæmdi heldur skilord í tvö ár frá dómsuppkvaðningu.

- æpe

#### SAMGÖNGUR

##### Fleiri flugfarþegar

Farfegum um Flugstöð Leifs Eiríssonar fylgdaði um tæp 10% í ágúst miðað við sama tímum í fyrra, eða úrtæpum 245 þúsund farfegum í um 269 þúsund farfega. Farfegum til og frá Íslandi fylgdaði um tæp 15% milli ára, en um 14% færri farfegar millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið.

## Báturinn er tilbúinn í slaginn við hvalina

**HVALVEIÐAR** „Nú fer hann bara á sinn stað og bíður átekta, það á eftir að gera sitt lítið af hverju en báturinn er til í slaginn,“ sagði Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals hf., sem gerir út hvalveiðiskipin fjögur sem setið hafa við Ægisgarð síðan 1989, í tilefni þess að Hvalur 9 var útskrifaður úr slipp í gærdag.

Pegar hvalveiðiskipið var tekið í slipp á dögum voru sextán ár liðin frá því að það var síðast yfirfarið. „Nú er hann alveg eins og barnsrass og til í hvað sem er,“ sagði Kristján, sem var augljóslega kampakátor í tilefni dagsins.

Að sögn Kristjáns var skrokkur skipsins í mjög góðu ástandi miðað við tíma í sjó. Skipta þurfti um eins fermetra búti undir sjólínu á stjórnborðssíðu skipsins og að sögn Kristjáns er það í fyrsta sinn sem það er gert frá því að skipið var byggð árið 1956.

Kristján segir ekkert því til fyrirstöðu að hvalveiðar hefjist hér við land að nýju í atvinnuskyndi, en neitar að hafa fengið vilyrði um kvóta frá sjávarútvegsráðuneytinu. „Hvalur 8 er í svipuðu standi nú og Hvalur 9 var og ég fer með hann í slipp um leið og gefinn verður út kvóti,“ segir Kristján. „Hvalstofnarnir hér við land bøla vel veiðar og hafa alltaf gert, hvalinir bíða bara sallarolegir eftir skutlinum.“ - æpe



**HVALUR 9 OG KRISTJÁN LOFTSSON FRAMKVÆMDASTÓRI HALS HF.** Hvalveiðiskipið fór úr slipp í gærdag og er að sögn Kristjáns Loftssonar, þess sem gerir skipið út, klárt í slaginn að hefja hvalveiðar að ný. Kristján segir ekkert því til fyrirstöðu að hvalveiðar hefjist að nýju hér við land.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

## Markaður leitar jafnvægis

Forsvarsmenn afurðastöðva telja kjötmarkað vera að leita jafnvægis eftir að kjöt var selt undir markaðsverði um árabil. Peir telja bændur vanmeta hækkanir en smásoluálagning aukist.

**NEYTENDAMÁL** Verð á öllu kjöti hefur hækkað frá slátraleyfishöfum til kjöttvinnslustöðva frá því í júní 2005. Forsvarsmenn kjöttvinnslustöðva telja hækkanirnar óeðilega háar. Forsvarsmenn afurðastöðva eru því ósammála og telja að markaðurinn sé að leita jafnvægis eftir miklar verðsveiflur á undanförnum árum. Fullyrt er að kjöt hafi verið selt undir kostnadarverði um árabil.

Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara, segir að verð kjöttvörum sem hans fyrirtæki kaupi til úrvinnslu hafi hækkað allt að tuttugu prósent frá sínum birgjum á einu ári og þar er mest hækkuð á svínakjöti. Þessa hækkuða forstadsfesta forsvarmenn annarra fyrirtækja í kjöttvinnslu, en hækkuð dilka- og ungnautakjöts er um sautján prósent.

Geir Gunnar Geirsson, framkvæmdastjóri Stjörnugrís, segir ástæðuna fyrir hækkuðum eðlilega, þótt hann vefsungi að hækkuðin sé tuttugu prósent, hún sé um ellaðu prósent eins og verðhækkuðin til



**SLÁTURTÍÐ** Að mati forsvarmanna afurðastöðva er kjötmarkaðurinn að leita jafnvægis eftir að kjötafurðir voru seldar undir markaðsverði. Peir sem reka kjöttvinnslur telja hækkanir síðasta árs of háar. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

MYND/HÖRDUR

bænda. „Þetta eru almennar hækkanir á markaði aust þess sem kjötið á sínum tíma var á alltof lágu verði. Kjötmarkaðurinn hefur verið að leita jafnvægis í heild sinni, sem skilar sér í hærra verði til bænda. Mönnun hlítur að vera í fersku minni að fyrir 2005 var verðið langt fyrir neðan kostnaðarverð, sem

sést á öllum þeim gjaldþrotum sem voru í þessari grein. Verðhækkanir núna aettu því ekki að koma svo mikil á óvart.“

Ingvi Stefánsson, varaformaður í stjórn Norðlenska ehf., segist ekki hissa á því að fyrirtæki sem ekki séu með slátrun beri sig illa. „Peir sem eru ekki með allt ferlið á sinni

könnu finna fyrst fyrir því begar eftirspurn er meiri en framboð á markaðnum. Þessir aðilar nutu líka góðs af offramboðinu sem var hér á árunum 2002 til 2004. Þá voru peir að fá kjöt frá slátraleyfishöfum á mjög góðum kjörum.“ Ingvi segir að slátraleyfishafar, eins og Norðlenska, reki kjöttvinnslu jafnhliða slátrun og kaupi allt fé af bændum á fæti. „Því aettu fyrirtæki, sem hafa góða framlegd út úr því að vinna kjöt sjálfr, ekki að leggja á kjöt sem er selt til annarra.“

Forsvarsmenn samtaka bænda telja að meira eigi að skila sér til framleiðenda, en forsvarmenn afurðastöðvanna fullyrða að hækkanir beirra til úrvinnslustöðva endurspegl hækkanir til framleiðenda. Steinþór Skúlason, forstjóri Slátráfélags Suðurlands, segir að verð til bænda frá hans fyrirtæki hafi hækkað mun meira en Bændasamtökini hafi upplýsingar um. „Það er aftur á móti rétt að hlutur bænda hefur minnkað á meðan hlutur smásoluálagningar hefur aukist.“

svavar@frettabladid.is

WWW.SVAR.IS

# ÓTRÚLEGT TILBOÐ!



#### VEFMYNDAVÉL Í SKJÁNUM

Láttu sjá þig og sjáðu aðra með innbyggðri vefmyndavél í skjánum.

#### 512MB VINNSSLUMINNI

Tvöföld afköst með DDR2 vinnsluminni gerir fartölvuna ennþá öflugri.

#### INTEL CELERON M 1.5GHZ

Nýjasta kynslóð Celeron orgjörva frá Intel sem er sérhannaður fyrir fartölvir, hljóðlátur og góður.



#### 15.4" CRYSTALBRITE SKJÁR

Ótrúlega bjartur og skýr skjár í breiðtjaldsformi, frábær fyrir biomyndirnar eða glósurnar!

#### 80GB HARÐUR DISKUR

Magnað geymslupláss fyrir allar ritgerðirnar, glósurnar og já biomyndirnar.

#### INNBYGGÐUR KORTALESARI

Taktu minniskortið beint úr myndavélinni þinni og skoðaðu í tölvunni með innbyggða kortalesaranum.



Uppfærðu í Windows XP PRO

Tilboðsverð með tölvu:

**9.900-**



Lexmark X2470 FJÖLNATÁTEKI

Prentar/Skannar/Ljósritar

Tilboðsverð með tölvu:

**8.900-**

Verð aður: 14.900-

**Acer Aspire 3661 WLMi - Skólatilboð 89.900-**


Intel Celeron 1.5Ghz, 15.4"CrystalBrite skjár með vefmyndavél, 512MB DDR2 vinnsluminni, 80GB Harður diskur, ATI Xpress 200M 256MB skjákort, innbyggður kortalesari, Windows XP Home



**acer**  
Hvetur fólk til dáða

**svar)** tækni

SÍDUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS



ENNEMM / SÍA / NM23239



# Betri leið í Interneti

## Miklu meira innifalið!

Skjáinn\*, Safnið, Öryggispakki og Tölvuvári í öllum Betri leiðum í Interneti hjá Símanum

- Safnið**  
Örugg geymsla fyrir ljósmyndir og önnur stafræn gögn
- Öryggispakki Símans**  
Ein öflugasta vírusvörnin á markaðnum
- Tölvuvári Símans**  
Staðsetur tölvuna ef henni er stolið
- Skjáinn**  
Sjónvarp og bíó heima í stofu í bestu mögulegu myndgæðum  
Þú velur þínar stöðvar og greiðir á sama hátt og áður

Farðu á [siminn.is](#) og kynntu þér allar nánari upplýsingar um Betri leiðir Símans  
Skráðu þig í Betri leið á sölustöðum Símans um allt land eða í síma 800 7000

**Góður**  
**NETTID 1Mb**  
4 GB niðurhal \*\*  
og 1 Mb/sek  
**3.990** kr. á mánuði.

**Betri**  
**NETTID 2Mb**  
6 GB niðurhal\*\*  
og 2 Mb/sek  
**4.990** kr. á mánuði.

**Bestur**  
**NETTID 8Mh**  
Ótakmarkað niðurhal  
og allt að 8 Mb/sek\*\*\*  
**5.990** kr. á mánuði.

**Langbestur**  
**NETTID 12Mh**  
Ótakmarkað niðurhal  
og allt að 12 Mb/sek\*\*\*  
**6.490** kr. á mánuði.



**GUDUM FAGNAÐ** Hindúar dönsuðu með líkneski af guðinum Ganesha á götum Mumbai Á Indlandi í gær, á síðasta degi tíu daga hátiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Læknigar í Simbabve:  
Andalæknar  
skrifa vottorð

**SIMBABVE, AP** Hefðbundin afrísk læknisráð standa styrkum fótum í Simbabve og þóttu það staðfest á dögunum þegar heilbrigðisþjónusta í landinsamningum fyrir sinn sem flokkurinn fari þessa leið í leit að tilheyra Norðvesturkjördæmi. Spurður um áform annarra þingmanna flokksins, þeirra Magnús-

Frijálslyndi flokkurinn fer sér hægt í framboðsmálum vegna kosninganna í vor:

# Flokksmenn beðnir að benda á hugsanlega frambjóðendur

**STJÓRNMÁL** Flokksmönnum í Frjálslynda flokksnum hefur borist bréf frá forystu flokksins þar sem þeir eru beðnir að láta vita hvort þeir hafi áhuga á að taka sæti á framboðslistum fyrir pingkosningarnar í vor eða viti af einhverjum sem hugsanlega hefðu áhuga á framboði.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir þetta í fyrsta sinn sem flokkurinn fari þessa leið í leit að tilheyra Norðvesturkjördæmi. Spurður um áform annarra þingmanna flokksins, þeirra Magnús-

ar Þórs Hafsteinssonar og Sigurjóns Þórðarsonar, segir Guðjón bá örugglega fara fram þó ekki að kvæði í hvaða kjördæmum það verði. Sigurjón var í öðru sæti á lista flokksins í Norðvesturkjördæmi en Magnús í fyrsta sæti í Suðurkjördæmi. „Það liggur ekki að ákvæða þetta og það verður örugglega ekki fyrre en í febrúar eða mars sem framboðslistar verða tilbúnir hjá okkur. Við höldum ró okkar og förum ekki á taugum yfir einu né neinu,“ sagði Guðjón Arnar.

- bbs

Pýskur heildsali deyr: Keypti og seldi fólki úldið kjöt

**BERLÍN, AP** Georg Bruner, 74 ára býskur heildsali, fannst láttinn heima hjá sér í Berlin í gær. Svo virðist sem hann hafi framdi sjálfsmorð. Hann hafði orðið uppvís að því að selja gamalt kjöt í stórum stíl til 2.500 fyrirtækja í Þýskalandi og 50 að auki í Austurríki, Hollandi og fleiri nágrennaríkjum.

Sexti tonn af kjöti voru gerð upptæk og var kjötið allt komið fram yfir síðasta söldug. Sumt kjötið var orðið ónóthæft fyrir fjórum árum. Lögreglan segir að Bruner hafi keypt útrunnið kjöt í stórum stíl, geymt það og síðan sett til viðskipta vina sinna.

- gb



**GUDJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**



**FREDRIK REINFELDT**

# Prýstingur eykst á Leijonborg

Fram kom í gær að alls væru þrír starfsmenn sánska Þjóðarflokksins grunaðir um aðild að tölvunjósnum hjá Jafnaðarmannaflokksnum og prýstingur jókst á flokksformanninn að víkja. Hneykslið sagt geta ráðið úrslitum.

**SVÍPJÓÐ** Sánska lögreglan upplýsti í gær að alls væru þrír starfsmenn ungliðahreyfingar Þjóðarflokksins grunaðir um að hafa átt þátt í að brjóstast inn í tölvukerfi Jafnaðarmannaflokksins; það er einum fleiri en áður hafði komið fram. Framkvæmdastjóri flokksins sagði af sér vegna málssins í fyrradag og eftir því sem meira er um málið fjallað í sánskum fjölmöldum eykst brýstingur á flokksformanninn Lars Leijonborg um að takla líka pokann sinn, nú þegar tíu dagar eru til þingkosninga í landinu.

Fredrik Reinfeldt, formaður Hægriflokksins og forsætisráðherraefni kosningabandalags borgaralegu flokkanna, sem Þjóðarflokkurinn á aðild að, lýsti því yfir í gær að vissulega væru það

alvarlegir hlutir sem hefðu þarna átt sér stað, en að hans mati hefði flokksforystan „sýnt skýr og snögg viðbrögð“.

Að fréttavef Dagens Nyheter er haft eftir Reinfeldt að það sé ekki í hans verkahring heldur flokksmanna í Þjóðarflokksnum að segja til um hvort flokksformann Leijonborg njóti áfram trausts þeirra. Reinfeldt sagði ummæli Maritu Ulvskog, fjölmölfulltrúa jafnaðarmanna, sem líkti Leijonborg við nauðgara, vera högg undir beltisstað sem dæmdi sig sjálft.

Stjórnálaskýrendur hafa bent að vert væri að spyrja hvers vegna jafnaðarmenn hefðu fyrst náð, svo skömmu fyrir kosningar, lagt fram kæru vegna hinna

**PRÝST Á LEIJONBORG** Lars Leijonborg, formaður Þjóðarflokksins, ásamt framkvæmdastjóranum Johan Jakobsson sem sagði af sér í fyrradag.

meintu innbrota í tölvukerfi þeirra, eftir að í ljós er komið að þeir höfðu samnanir fyrir þeim þegar í marsmánuði síðastliðnum.

Stjórnálafraðingurinn Magnus Hagevi við háskólamann Växjö tók fréttavef Dagens Nyheter í gær að tölvunjósna-hneykslið gæti rúið Þjóðarflokkinn það miklu fylgi

Netkort	10/100/1000 netkort & 56k v.90 mótað
Innbyggt þráðlaust netkort	802.11 a/b/g
Hljóðkort	Innbyggt hljóðkort, hátalarar
Mús/lyklaborð	EZ Pad snertimús og lyklaborð
Tengi	3x USB 2.0, FireWire, VGA skjátengi
Minniskortalesari	7-in-1
Rafhlaða	8 Cell Lithium Ion (1 árs ábyrgð)
Stýrikerfi	Microsoft Windows XP Tablet edition
Ábyrgð	2 ár

Örgjörví	Intel Core Duo 1.66GHz, 667MHz FSB, 2MB L2
Vinnsluminni	1024Mb 533MHz DDR2 (2x512)
Skjár	14" WXGA TFT (1280x768) snúningsskjár
Skjákort	Innbyggt Intel GMA 950
Harður diskur	60GB 5400 rpm Serial-ATA
Skrifari	8X DVD+/-RW Dual layer DVD
Netkort	10/100/1000 netkort & 56k v.90 mótað
Innbyggt þráðlaust netkort	802.11 a/b/g
Hljóðkort	Innbyggt hljóðkort, hátalarar
Mús/lyklaborð	EZ Pad snertimús og lyklaborð
Tengi	3x USB 2.0, FireWire, VGA skjátengi
Minniskortalesari	7-in-1
Rafhlaða	8 Cell Lithium Ion (1 árs ábyrgð)
Stýrikerfi	Microsoft Windows XP Tablet edition
Ábyrgð	2 ár

Vörunúmer: GWM285

**179.900 kr.**



 **Gateway**

Þjónustuaðili: BMS tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, sími 565 7080

[www.oddii.is](http://www.oddii.is)

Borgartúni 29 • Reykjavík  
Sími 515 5170 • Opið virka daga  
kl. 8-18 og laugardaga kl. 11-16

Höfðabakka 3 • Reykjavík  
Sími 515 5105  
Opið virka daga kl. 8-18

  
**SKRIFSTOFUVÖRUR**

Glerárgötu 34 • Akureyri  
Sími 515 5160  
Opið virka daga kl. 8-18

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.073 -0,13% Fjöldi viðskipta: 196

MESTA HÆKKUN

Icelandic Group +2,69%  
 Mosaic +0,57%  
 Landsbankinn +0,39%

MESTA LÆKKUN

Atlantic Petroleum -2,41%  
 Vinnslustöðin -2,33%  
Flaga -1,97%

### HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSTÖLU:

ACTAVIS 64,50 +0,00% ... Alfesca 4,68 +0,00% ... Atlantic Petroleum 568,00 -2,41% ... Atorka 6,25 +0,00% ... Avion 33,40 +0,30% ... Bakkavör 54,10 -0,19% ... Dagsbrún 4,97 -1,00% ... FL Group 18,70 -0,53% ... Glitnir 19,90 -0,50% ... KB banki 836,00 +0,00% ... Landsbankinn 25,50 +0,39% ... Marel 76,00 -0,65% ... Mosaic Fashions 17,60 +0,57% ... Straumur-Burðarás 16,70 -0,60% ... Össur 123,00 -1,21%

# viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á visir.is

## Amiad hagnast

Íslandska fyrirtækið Amiad Filtration Systems, sem framleiðir og dreifar vatnshreinsibúnaði, skilaði um 150 milljóna króna hagnaði á fyrra hluta árs og batnaði afkoman um fimm prósent á milli ára.

Atorka er meðal stærstu hluthafar í Amiad en tólf prósent hlutur íslandska félagsins eru metinn á rúman hálfan milljarð króna. - eþa

**RAFVÖRU MARKADURINN**  
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

**ÚRVAL LJÓSAPERÁ**

**39-**  
KÚLUPERUR E14

**39-**  
PERUR E27

**39-**  
KERTAPERUR E14

**295-**  
SPARPERUR E27

**195-**  
HALOGENPERUR G4

**295-**  
HALOGENPERUR R75

**295-**  
HALOGENPERUR MR16

**OPIÐ ALLA DAGA**  
laugard. 10:00 - 17:00  
sunnud. 11:00 - 17:00

**VIÐ FELLSMÚLA**  
108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

## Peningaskápurinn...

### Grædd eru geymd hlutabréf

Fjármálapjónustufyrirköð Exist, sem fer á markaði í næstu viku, er í eigu 38 hluthafa. Bakka-bræður, þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, fara með 47 prósent hlut sem metinn er á yfir eitt hundruð milljarða króna. Aðrir hluthafar eru meðal annars KB banki, sparisjóðir og lífeyrissjóðir auk starfsmanna. Pá bregður fyrir litlum fjárestum sem voru eitt sinn hluthafar í Vátryggingsfélagi Íslands en gengu ekki að yfirtökutilboði sem lagt var fram í VÍS í árslok 2004. Þegar Exist keypti VÍS í maí fengu hluthafar síðarnefnda félagsins hlutabréf í Exist í staðinn. Það er fulljóst að þessir sömu fjárestar töku réttá ákvörðun að eiga bréf síðan í VÍS - jafnvel þótt félagið hafi verið tekið af markaði, enda jókst verðmæti VÍS um 150 prósent á einu og hálfa ári.

- eþa

### Vista virðist á næstu grösum

Microsoft hefur gefið út síðustu vinnuútgáfu af nýjasta stýrkerfi sínu, Windows Vista, Release Candidate 1. Útgáfan er talin vísbending um að fyrirtækini takist að halda útgáfuaðlun sinni, en endanleg útgáfa á að vera tilbúin í janúar næstkomandi. Með þessu er stýrkerfið komið af svonefndu betaprófanastigi og einungis eftir minni háttar lagferingar og stillingar. Útgáfu Vista hefur hins vegar nokkrum sinnum verið frestað og spurning hversu mikil er óhætt að lesa í þessa próna málá. Computerworld í Danmörku rifjar hins vegar upp að þegar Microsoft gaf út Windows XP, nýjustu útgáfu stýrkerfisins, hafi liðið um það til tvær mánuðir frá RC1 útgáfunni þar til stýrkerfið var afhent tölvu-framleiðendum.

- eþa



# Mögulegur stuðpúði ólíkra viðskiptaheima

Data Íslandia var fulltrúi Íslands á nýafstaðinni stórráðsstefnu um upplýsingatækni og gagnavistun í Pýskalandi. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sem er í sameiginlegri eigu Símans og Skýrr og vinnur með Farice, vill nýjan sæsteng til Írlands, ekki Skotlands.

Data Íslandia kynnti samkeppnis-hæfni íslenskrar upplýsingatækni á alþjóðlegum markaði á stærstu ráðstefnu um upplýsingatækni og gagnahýsingu á Storage Network World - Europe 2006, í Frankfurt í Pýskalandi sem lauk í gær. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja að vel hafi gengið, náðst hafi sam-band við fjölda fyrirtækja og næstu vikur fari í að vinna úr gögnum.

Ráðstefnuna í Frankfurt sóttu helstu ráðamenn lítilla og stórra fyrirtækja og samtaka, bæði í opinbera geriranum og eingakeiranum, með það fyrir augum að afla sér upplýsinga um það nýjasta og besta í upplýsingatækni, hugbúnaði og þjónustu, svo og öðrum vörum tengdum vistun á rafrænum gögnum og stjórnun og rekstri þeirra.

Data Íslandia var boðið að kynna íslenska upplýsingatækni og samkeppnishæfni í aðalframsögu á ráðstefnunni. Sol Squire, framkvæmdastjóri Data Íslandia, segir landið hafa verið kynnt sem ákjósanlegasta staðinn fyrir langtíma-



**SOL SQUIRE** Framkvæmdastjóri Data Íslandia segir reynslu sína að ljósleíðar í Skotlandi laði að sér bæði skóflu og rottur og því vænlegra að leggja nýjan streng annað.

vistun á rafrænum gögnum í allri Evrópu. „Hér er tæknigeta mikil og hátt menntunarstig, efnahagurinn er stöðugur og umhverfið friðsælt. Hér getum við komið hlutum í verk mun hraðar en hægt er í öðrum löndum, auk þess sem landfræðileg staðasetning og þjóð-félagsgerð gerir okkur að nokkurs konar stuðpúða milli ólíkra viðskiptaheima.“

Við kynningu á landinu var einnig mikil áhersla lögð á Farice sæstengrin og bendir Sol Squire á að þeir hnokrar sem þar hafi orðið á tengingum hafi allir verið í landi í Skotlandi. „Rekstur strengsins hefur verið áreiðanlegur og í raun aldrei brugðist frá því að hann var tengdur,“ segir hann og kveðst stefna á viðskipti við stærstu fjölpjóðafyrir-

tæki í Evrópu og að hýsa fyrir þau gríðarlegt magn af rafrænum gögnum. Hann segir þó einnig horft til þess að næstunni verði lagður nýr sæstengrur og það mun gulltryggja stöðu landsins sem vænlegrar miðstöðvar gagnahýsingar. „Best væri að leggja nýjan streng beint til Írlands í tengipunkta sem ná svo yfir Atlantshafið. Eða tryggari tengingu beint til Manchester eða Liverpool. Í þessum efnum þarf að horfa til framtíðar, en möguleikarnir eru ótrúlegir. Það sagði mér framleiðandi eins mest notaða vistunarbúnaðar í heimi að hér hefðum við möguleika á að búa til „gagnamiðstöð guðanna.“ Það hljómar vel enda fengi ég þar með hlutverk Þórs,“ segir hann og hlær.

Data Íslandia hefur notið fulls stuðnings Fjárfestingarstofu Íslands enda fara saman áherslur í kynningarstarfi. „Því er þetta kjörið tækifæri til að kynna íslenska upplýsingatækni og bekkingariðnað og Ísland sem raunhæfan fjárfestingakost fyrir erlenda aðila,“ segir Pórður H. Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingarstofunnar.

Data Íslandia er samstarfsvertvangur Símans og Skýrr. Sol Squire segir þar engan skugga hafa borið að brátt fyrir nýlegar breytingar í eignarhaldi Skýrr. „Alls ekki, enda sýnir sig þar að hagnaðarvæntingar vega byngra en einhverjar fyrirtækjaværingar. Svo er fyrirtækjalandslagi líka svo síkvigt að fólk setur síkt ekki fyrir sig. Við vinnum bara áfram að okkar góðu málum.“ olikr@frettabladid.is



## Gardell vill komast í digra sjóði Volvo

Gamall bandamaður Burðaráss næststærstur í Volvo.

Christer Gardell, sánskur kaupahéðinn sem myndaði bandalag með Burðarási í Skandia, hefur eignast fimm prósent hlut í Volvo og er þar með orðinn annar stærsti hluthafinn á eftir Renault.

Í frétt Financial Times (FT) segir Gardell að með kaupunum vilji hann brýsta á stjórn að ganga á sjóði félagsins. Hann vill að félagið greiði út tæpa 190 milljardar króna í arð eða kaupi eigin hlutabréf á markaði og leggur auk þess til að hlutar af starfsemi Volvo verði seldir. Samkvæmt heimildum FT er um að ræða flugbróunardeild og fjárfestingaarm félagsins.

Félagið er undirverðlagt að mati Gardells: „Það er verðlagt á 53 prósent af veltu og endurspeglar ekki viðvarandi arðsemi félagsins. Við teljum að hlutfallið ætti að vera

eitt hundrað prósent.“ Gardell lofar verk Leifs Johansson, forstjóra Volvo, en telur að haldssamir stjórnarmenn haldi forstjóranum niðri. Sjálfur hefur Gardell óskað eftir því að sitja stjórnarfundi sem áheyrnarfulltrúi og hyggst taka sæti í stjórn á næsta aðalfundi.

Stjórn félagsins hefur áliðið mikilvægt að geta gripið í handbært fó til að ráðast í yfirtökum á öðrum fyrirtækjum.

Hlutur Renault er um 21 prósent og er talið að hluturinn sé falur fyrir rétt verð. Kemur því til greina að Volvo kaupi hlutinn.

Hlutabréf í Volvo hækkuðu um tvö prósent í gær og endaði hluturinn í gengingu 428. Kaupping í Svíþjóð mælir nú með kaupum í Volvo og metur bréfin á 446 sánskar krónur á hlut.

- eþa

Volvo er annar stærsti framleiðandi vörubíla í heiminum.

## Dótturfélag Baugs eykur umfang sitt

Baugur einnig orðaður við áhuga á Woolworths.

Dótturfélag Baugs, Woodward Foodservice, tilkynnti í gær um kaup á samkeppnisáðilanum DBC Foodservice. Woodward sér veitinga- og öldurhúsum, hótelum og skólum í Bretlandi fyrir matvöru af ýmissi gerð. Áætluð velta sameinaðs félags er 500 milljónir punda á ári, sem nemur um 65,5 milljörðum íslenskra króna. Úr verður þróði stærsti birgðasali í veitingapjónustu af þessu tagi í Bretlandi.

Baugur er orðinn mikilvægur leikmaður á breskum smásolu-markaði og vangaveltur um frek-

## MARKAÐSPUNKTAR

Evrópusambandið hefur hækkað hagvartarspá sína fyrir aðildarriks sambandsins. Reiknað er með 2,7 prósenta hagvexti innan ESB á árinu og 2,5 prósenta hagvexti á evrusvæðinu. Gangi spáin eftir verður methagvöxtur.

Verð á Brent norðursjávaroliðu hefur farið lækkandi að undanförun. Í gær fór fatið undir 67 bandarkjadalí og virðist þrystingur til skamms tíma vera til lækkanar.

Samkvæmt nýri skýrslu Alþjóðagjald-eyrissjóðsins er töluerð hættá að á árinu 2007 hægi verulega á hagvexti í heiminum en hagvöxtur hefur verið mikill undanfarin ár.

## Vistor skipt í aðskilin félög

Stjórn Vistor hf. hefur samþykkt að skipta féluginu upp í tvö aðskilin félög. Er það sagt gert til að auka skónarfæri og skerpa áherslur í starfseminum.

Nýtt dreifingarfyrirtæki að nafni Distica hf. sinnir vörustjórnun og dreifingu fyrir Vistor og aðra innan lyfja- og heilbrigðisgeirans. „Vistor hf. mun einbeita sér að markaðsstarfi fyrir umbjóðendur fyrirtækisins,“ segir í tilkynningu, meðan Distica tekur við dreifingarstarfsemi Actavis á Íslandi frá og með áramótum. Rekstur félaganna, sem bæði eru í eigu eignarhaldsfélagsins Veritas Capital hf., verður aðskilinn og lúta þau sinni stjórninni hvort. Gylfi Rútsson hefur verið ráðinn forstjóri Distica. Forstjóri Vistor er Hreggviður Jónsson. - óká

## Styrkja norska lífeyrissjóðinn

Norska fjármálaráðuneytið hefur sett á fót sérstakt eignastýringasvið sem ber ábyrgð á fjárfestingarstefnu norska ríkislífeyrissjóðsins og framkvæmd hennar. Nýja deildin hefur einnig umsjón með því að framfylgja og endurskoða síðareglur sjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn skiptist í tvær deildir; innlendar fjárfestingar og erlendar fjárfestingar en undir þær fellur gamli Oliusjóðurninn. „Það er markmið ráðuneytisins að norski ríkislífeyrissjóðurinn verði best rekni sjóður í heimi,“ segir í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Norski seðlabankinn greindir frá því að hann myndi kaupa daglega um níu milljardar króna í gjaldeyrir sem varið verður til fjárfestinga í erlendum verðbréfum. - eþa

**BÓNUS**

# Lambalæri villikryddað



# 18 kaffi púðar



# Ungnautahakk



Sjáðu  
verðið!

A large yellow starburst graphic with red outlines and a red center. Inside the starburst, the word 'UNGNAUTAHAKK' is written in black capital letters at the top, followed by the number '899' in a large, bold font, and 'KR.' in smaller letters above 'KÍLÓVERD' at the bottom. The background of the image shows a blurred view of a supermarket aisle with various products.



# Heilt kíló af frosumum jarðarberjum



# það-byrjar allt í Bónus



**KLÁRAR Í BRAUÐRISTINA!**



[www.bonus.is](http://www.bonus.is)

Heimilisofbeldi verður að uppræta.

## Virk nálgunarbann

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

**H**eimilið er griðastaður, öruggt skjól þeirra sem þar búa. Að minnsta kosti er því þannig farið hjá flestum. En hitt er því miður líka til að heimilið sé vettvangur ofbeldis og þar með því alls ekki sá griðastaður fjölskyldu sem til er ætlast og hlýtur að teljast til frumannréttinda hvers og eins. Pess vegna er heimilisofbeldi óþolandí og ólíðandi, meinsemd sem verður að vinna hörðum höndum að því að uppræta.

Fréttir hér í blaðinu fyrr í vikunni um að ákært væri í innan við einu prósentni heimilisofbeldismála endurspeglar það ófremsdarástand sem ríkir þegar ofbeldi á heimilum er annars vegar, ofbeldi sem á sér stað í samskiptum hjóna eða samþýlifólkus þar sem fullkomið traust ætti að ríkja.

Konur eru alla jafna polendur í heimilisofbeldi en karlar ger- endur. Ljóst er að þolendum heimilisofbeldis er ekki veittur sá stuðningur sem þeim er nauðsynlegur til að brjóta á bak aftur það ofbeldi sem þeir verða fyrir. Sá stuðningur þarf að vera ákveðinn og skilvirkur, ekki síst vegna hinna sérstökum aðstæðum sem eru fyrir hendi þegar ofbeldi á sér stað inni á heimilum, milli hjóna eða pars sem lifir saman vegna þess að það hefur tekið þá ákvörðun að deila saman lífi sín.

Eitt af því sem gerir meðferð heimilisofbeldismála erfiða er að hér er nálgunarbann geranda við þolanda í heimilisofbeldismálum þungt í vófum. Um þetta eru viðmælendur blaðsins í fréttum um heimilisofbeldi sammála. Sömuleiðis benda þeir á austurísku leiðina, sem svo er kölluð, um nálgunarbann. Austurísku leiðin gengur út á að hægt sé að vísa þeim sem beitir ofbeldi á heimili skilyrðislaust af heimilinu og meina honum að koma þangað í ákveðinn tíma. Þessi aðferð gefur meira svigrúm til að vinna í mál þolandans en þegar gerandinn getur nánast umsvifalaust smúið til baka til baka inn á heimilið til þolandans.

Nálgunarban geranda við þolanda heimilisofbeldis frá þeirri stundu sem ofbeldið á sér stað eykur svigrúm beggja til að átta sig á stöðu mála. Konan fær það skjól á heimilinu sem mannréttindi hennar gera ráð fyrir og ytri aðstæður karlsins gefa honum þá ekki kost á öðru en að horfist í augu við vanda sinn og vinna í honum. Lögfesting austurísku leiðarinnar ætti því að vera einföld en áhrifarík leið til þess að koma heimilisofbeldismálum upp úr hjólförumum og í farveg sem leiðir til úrbóta bæði fyrir þolanda og geranda.

Þingmenn Vinstri grænna hafa í þrigang lagt fram frumvarp til laga um að austurísku leiðin verði lögleidd hér og Águst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram þingmál um að setja sérstakt lagaákvæði um heimilisofbeldi. Þessi mál hafa ekki náð fram að ganga og það eina sem breyst hefur í löggjöfinni undanfarin ár er að á síðasta þingi kom inn refsíþynging vegna heimilisofbeldis.

Hér á landi er ekki heldur til nein aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi en samkvæmt úttekt Evrópuráðsins er Ísland í hópi 10 Evrópuríkjana sem ekki hafa slíka áætlun á móti 21 sem hana hafa. Hér er því verk fyrir höndum. Það er á valdi stjórnvalda að laga löggjöfina og ekki eftir neinu að bíða.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ADSTÓÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björn Tómasdóttir og Trausti Halldóson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvín Guðmundsson ADALSMÍÐ: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFANG: ritstjorn@frettabladid.is

**2 fyrir 1 til  
Alicante  
14. sept.  
frá kr. 19.990**

Allra síðustu sætin

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólinu við Alicante á hreint ótrúlegum kjörum. Allra síðustu sætin á frábæru tilboði. Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Gisting á Benidorm í boði ef óskað er.

**19.990**

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v.  
2 fyrir 1 tilboð 14. September í 2 vikur.  
Netverð á mann.



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Töflufundur

Stórfyrirtæki landsins ryksuguðu upp aðgangsmiða á landsleik Islands og Danmerkur, sem fram fór í gær. Um helmingur allra miða fór til helstu styrktaraðila, fjármálfyrirtækja og sérstakra gesta KSÍ, ásamt því að Danirnir fengu sinn skerf. Er þá venjan að fyrirtækin haldi kokktíða til að hita upp fyrir leikinn. BYKO var til dæmis með svokallaðan töflufund með Guðna Bergs fótballokappa á Hótel Nordica, þar sem hann fór yfir væntanlegan leik á léttum nótum. Róðurinn hjá íslenska liðinu var heldur léttari á

Ég gleymi því aldrei. Þeir bustu út á gangana allir í einu með háreysti. Ég hafði aldrei fyrr séð svona marga prófessorar á einu bretti. Þetta var 10. október 1973, ég var þá nýkominn til náms í Princeton, og Spiro Agnew, varaforsæti Bandaríkjanna, hafði tilkynnt langbráða afsögn sína, enda hafði hann verið fundinn sekur fyrir rétti um mítubægningi og skattsvík. Málsvörn hans var bessi: Ég gerði það ekki, og ég skal aldrei gera það aftur. Nixon forseti hafði notað Agnew til að siga honum á andstæðinga sína eftir þar til gerðum óvinalista, enda var Agnew meðal vígagliðustu manna – og hreykinn af því. Handlangar Nixons gættu ímyndar forsetans eins og sjáaldurs augna sinna: þeir komu því inn hjá kjósendum, að vilji forsetans væri svo sterkrug og sjálfsaginn svo alger, að hann hafði aldrei bordað sig saddan. Sannleikurinn er þó sá, að Nixon sat iðulega á skrifstofu sinni á kvöldin með aðra höndina skjálfandi á kjarnorkuknappinum og hina á viskiflöskunni og gaf drafandi skipanir í símann. Eitt kvöldið fyrirskipaði hann innrás Bandaríkjahers í Sýrland, en hann gleymdi að sprýja morguninn eftir, hvernig innrásarliðinu hefði reitt af.

Svo fór, að Nixon neyddist til að segja af sér 9. ágúst 1974, enda hafði hann orðið uppvís að alvarlegum glæpu, ekki sízt fyrir ítrekaðar uppljóstranir Washington Post. Nixon hafði lagt á ráðin um innbrot röskum tveim árum áður, meðal annars á skrifstofur demókrata í Watergate-byggingunni í Washington, hann hafði gersigrað andstæðing sinn í forsetakjöri skómmu síðar, haustið 1972, og hindrað framgang réttvísinnar við rannsókn málssins. Ýmsir félagar hans í Repúblíkana flokknum snerust gegn honum, þegar þeir gerðu sér grein fyrir alvöru málssins. Nixon átti þá ekki

töflunni hjá Guðna heldur en síðan reyndist raunin. Enda engin hefð fyrir sigri á Dönum í knattspyrnu.

#### Herra Ameríka

Hann var heldur þétt setinn bekurinn í sjónvarpssí Skjás eins á Magnavökunni svokölluðu í fyrrinótt. Ýmsir voru kallaðir til og gáfu álit sitt á öllum látnum í kringum Rock Star-páttinn. Meðal gesta voru stjórnálamennir Steingrímur J. Sigfusson og Dagur B. Eggertsson. Steingrímur hefur verið þekktur fyrir annað en aðdáun sína á bandarískum gildum. En hvað gera menn ekki vitandi það að allir helstu kjósendur kjördæmis síns séu límdir fyrir framan skjáinn?

#### Hvað um Reykjavíkurflugvöll?

Flugfélag Islands kannar nú möguleika á auknu fraktfliði innanlands og meðal þess sem er til skoðunar er að flytja fisk utan af landi og til Keflavíkur, sem þaðan yrði flogið með þotum út í heim. Nú velta menn fyrir sér, svona í ljós sögunnar, hvort landsbyggðarþingmenn muni ekki leggjast alfaríð gagn slíkum hugmyndum og krefjast þess að notast verði við Reykjavíkurflugvöll við þessa flutninga.

bjorgvin@frettabladid.is  
bjorn@frettabladid.is



PORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Bandarísk stjórnsmál

samanburði við Bush forseta og menn hans. Dean lýsir sök á hendur Bush og Cheney varaforseta, leynimakki og lygum; betta var áður en hulunni var svipt af umfangsmiklum símahlerunum og pyndingum. Dómsmálin hafa hrannast upp. Skrifstofustjóri Cheneys bíður dóms fyrir meinsæri við opinbera rannsókn á meintum ofskónum á hendur andstæðingi stjórnarinnar. Fyrrum aðstoðarutarár Íslenskáðherra á lögssókn yfir höfði sér vegna sama mál, og Cheney hefur einnig verið birt stefna. Leiðtogi repúblíkana í öldunga-deildinni, meindýraeyðirinn mikli, Tom DeLay, neyddist að segja af sér þingmennsku vegna spillingar. Í nýrri bók, Conservatives without Conscience (2006), kafar Dean dýpra í hugskot þeirra ilskkeyttu öfgamanna, sem hann telur, að hafi nú undirtökini í

Sannleikurinn er þó sá, að Nixon sat iðulega á skrifstofu sinni á kvöldin með aðra höndina skjálfandi á kjarnorkuknappinum og hina á viskiflöskunni og gaf drafandi skipanir í símann.

Repúblíkana flokknum. Hann vitnar í rannsóknir sálfræðinga á drottunargjörnum manngerðum; slíkir menn brá sterka foringja og eru árasargjarnir, ósveigjanlegir og fhladssamir, þeir eru lýðskurðar, gagna um með guðs orð á vörum og mega þó helzt ekkert aumt sjá án þess að þurfa að traða á því og skirrast ekki heldur við að vanvirða mannréttindi og stjórnarskrá; þeir efast aldrei. Pessir menn ganga fyrir heift og hefndum, segir Dean. Lýsing hans virðist ríma vel við greinargerð Morganblaðsins 25. júní sl. um „vont andrúmsloft heiftar og hefndar“ á vissum stöðum hér heima.

## Konur og kosningar að vori

#### Umræðan

Konur á framboðslistum

Samkvæmt fréttum eru allir stjórnálflokkar teknir að huga að uppstillingum á framboðslista vegna alþingiskosninga á komandi vori. Lítill fjölgun kvenna á Alþingi Íslendinga á liðnum árum hefur verið áfall fyrir jafnréttisbaráttuna hér á landi. Konur eru tæpar priðjungrar þingmanna og sveitarstjórmanna og briðunjur ráðherra.

Hlutur kvenna í stjórnámum er ennþá óeðilega rýr og endurspeglar ekki samfélagið. Það er nauðsynlegt að bæði kynin taki þátt í að móta samfélagið.

Það liggr ljóst fyrir að stjórnálflokkarnir sjálfir beru þyngsta ábyrgð á þessari þróun. Fléttulistar, þar sem konur og karlar ráðast til skiptis á framboðslista, hafa skilað verulegum árangri, því það hefur iðulega skort að konur eigi kost á að skipa svokölluðu „örugg sæti“, þ.e. sæti sem eru líkleg til að tryggja þeim kosningu. Fléttulistar sýna raunverulegan vilja stjórnálflokkka til að jafna hlut kynjanna.



MARGRÉT SVÆRISDÓTTIR

reynslu þeirra kvenna sem koma til greina í framboð, meta hana að verðleikum og hvetja þær til þátttöku.

Því ber að fagna að félagsmálaráðherra hefur þegar skipað starfshóp með fulltrúum allra bingflokkka, sem ætlað er að skipuleggja þverpolítískar aðgerðir til að jafna hlut kynjanna við næstu alþingiskosningar og mun starfshópurinn væntanlega vekja frekari athugi á þessu þarfa baráttumáli. Höfundur er framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins.



*Fríhafnardagar  
um helgina*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. september 2006.

# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

**FRÍHAFNARDAGAR**  
Dagana 7.-10. september  
afnemum við VSK af  
snyrtivörumerkjum.

**HAGKAUP**  
*skemmtilegast að versla*

# Hvernig eiga nýbúar að aðlagast íslensku samfélagi?

## Umraðan

### Innflytjendur

**O**ft er rætt um mikilvægi þess að nýbúar aðlagist vel samfélagini sem þeir flytjast til. Þá ber oft á góma að tileinkun tungumálsins sé þar lykilatriði, sem vissulega er satt. Þó finnst mér vanta umraðu um hvers konar aðlögun við Íslendingar ætlumst til af nýbúum.

Hér vil ég gera grein fyrir þeim mismundri aðlögunarstefnum, þ.e. samruna, aðskilnaði og sambættingu. Eg tel það mikilvægt að skýr mörk séu um hvað Ísland hafi upp á að bjóða og ætlist til af nýbúum sem flytjast hingað til. Ef íslenska ríksstjórnin og stjórnmálflokkarnir almennt mynduðu skýra stefnu í aðlögun nýbúa á Íslandi tel ég að Íslendingar geti komist hjá mörgum af þeim innflytjendavandamálum sem hin Norðurlöndin hafa glímt við og vil ég þar nefna Danmörku sem dæmi. Danir hefðu komist hjá mörgum menningartengdum vandamálum ef þeir hefðu nýtt sér bekkingu annarra landa, svo sem Bretlands og Frakklands, sem eiga miklu lengri innflytjendasögu en Danmörk.

Samruni (e. assimilation) er samkvæmt Charlotte Hamburger (1989) aðlögunarstefna sem miðast við að innflytjandinn gefi upp alla sina menningu og hefðir til þess að taka upp hætti gestgjafalandi.

Aðskilnaður (e. segregation), (Christian Horst, 1988) er þegar tveir eða fleiri kynþátta-eða menningarhópar haldast aðskildir í samfélagi og þróa hver sína eigin menningu. Það er að segja að báðir hóparnir lifa í samféluginum og lúta reglum samfélagsins en blandast lítið sem ekkert. Þar má nefna sem dæmi aðskilnaðarstefnu svartra og hvítra í Bandaríkjum.

Sambætting (e. integration) (Horst og Hamburger) er millistig milli þessa andstæðna, ef svo má kalla. Engin ein rétt

skýring er af orðinu sambætting því sú stefna hefur hluta úr báðum aðlögunarstefnum sem nefndar voru hér að ofan. Markmið sambættingarinnar er að allir kynþettir, minni- sem og meirihlutahópar mætist og blandist í samfélagini. Það er; að hóparnir geri málamiðlun og sleppi hluta af sinni menningu svo að aðlögunin gangi sem best, þó án þess að hóparnir missi sín sérkenni.

### Hvernig er staðan í Danmörku?

Danir byrjuðu að fá innflytjendur 1967 þegar offramboð var af atvinnu og erfitt þótti að fá fólk til að vinna ófaglærð störf. Sósíaldemókratar, sem þá voru við stjórn, fengu þá hugmynd að bjóða fólk frá Miðjarðarhafslöndunum atvinnu í landinu til að sporna við offramboiniu á vinnumarkaðnum. Dönsku ríksstjórninni fannst mikil til þessa koma á þessum tíma því hún taldi að þetta yrði hagstætt fyrir samfélagið. Í stuttu málí sagt; verkaþólk ðæmi og ynni í nokkur ár og færir svo heim aftur til fjölskyldunnar í heimalandinu. Þetta væri líka hagsstætt fyrir velferðarkerfið því Danir á þessum tíma sáu þá fram á að sleppa við að borga skólagjöld fyrir börn „gesta-verkafólkssins“, eins og þá var kallað á þessum tíma og einnig slyppi danska velferðarkerfið við að borga ellifeyri fyrir þetta fólk því áætlað var að það snéri aftur til heimlands síns.

Sú varð ekki raunin og í dag eru íbúar af erlendum uppruna í Danmörku um hálf milljón. Það sem er athyglisvert við þessa þróun er kannski ekki að Danir hafi verið svona grunnhyggnir né að innflytjendum fjöldaði svo hratt þar í landi heldur er það að Danir setja fyrst löggjof um aðlögunarstefnu fyrir innflytjendur 1998, tæplega þeim „áratugum“ eftir að fyrstu gestaverkamennirnir komu. Þessi löggjof ein kennist því miður ennþá af barnalegri óskhyggju um að innflytjendurnir snera aftur til heimlands síns. Þeir álitu að aðlögun minnihlutahópa að meirihluta

menningarinnar (b.e.a.s. samruni) yrði bess valdandi að innflytjendurnir snera aftur til síns heima!

Í Englandi og Frakklandi er staðan önnur þó svo að þjóðirnar glími líka við sín innflytjendavandamál. Englendingar hafa gert mikil á síðastliðnum árum til að sporna við kynþáttafordómum og annars konar misrétti en þeir hafa ekki hafð sams konar vandamál og Danir því margir af innflytjendum Englendinga hafa komið frá fyrri nýlendum og því kunnað tungumálið. Einnig hefur þetta verið tilfellið í Frakklandi.

Englendingar settu löggjöf gegn rasisma árið 1976 og þeir hafa mikil gert síðan til að vinna gegn kynþáttafordómum. Þeirra aðlögunarstefna í innflytjendamálum ein kennist fram til 1976 af samrunastefnu en eftir það urðu Englendingar mjög meðvítadír um þessi vandamál og unnu sér kjark til að tala um bau og vinna gegn þeim. Í dag er England fjölmenningsamfélög en í raun vilja þeir frekar kalla það „fjölmennings-isma“, þar sem sambættingarstefna ríksins meðal menningar- og kynþáttahópa er örðin afar rótgróin og samþykkt í samfélagini.

*Danir hafa glímt við stefnuleysi sem hefur því miður orsakað samþjöppun á búsetu innflytjenda og mikla óánægju varðandi það bæði hjá innflytjendum og hjá Dönum.*

Frakkland hefur tekið öðruvísi á innflytjendamálunum. Frakkar sjá sig sem pólitiska þjóð og þess vegna finnsta þeim kynþettir og trúarstefnur ekki skipta málí í því samhengi. Frakkar vinna út frá aðlögunarstefnu sem þeir vilja kalla universalsíma eða alheimsstefnu. Þar er samfélagið opíð fyrir nýjum meðlimum en á opinberum stöðum mega ekki sjást merki um trúar-ne menningartákn þó svo að öllum sé frjálst að bera þau heima hjá sér. Þar eiga innflytjendur að laga sig að franskri menningu og hugsjónum sem gerir það að verkum að

franska aðlögunarstefnan er með samruna- undirtón.

Eins og sjá má eru aðlögunarstefnur fyrir nýbúa vandmeðfarin mál ef vel á að takast til. Danir hafa glímt við stefnuleysi sem hefur því miður orsakað samþjöppun á búsetu innflytjenda og mikla óánægju varðandi það bæði hjá innflytjendum og hjá Dönum. Þetta stefnuleysi hefur meðal annars orsakað að myndast hafa svokölluð innflytjendahverfi og innflytjendagrunnsskólar. Þetta er ekki jákvæð þróun í sambættingu ólíkra menningar- og kynþáttahópa því kynþáttaskilaður elur með sér fordóma og alhæfingar á menningarkimum. Ein ástæðan fyrir því að innflytjendahverfi hafa myndast er að danskir stjórnmalamenn hafa á árum áður verið hræddir við að grípa inni í brúun þessa mála. Það hefði til dæmis verið hægt að dreifa innflytjendum í fleiri hverfi með því að ríkið niðurgreiddi íbúðir fyrir fólk af erlendum uppruna, í „dönsk hverfi“, svo að þeir hópuðust ekki saman í ódryr fjölbýlishúsahverfi. Þetta hafa danskir stjórnmalamenn viðurkennt sem stór mistök. Nokkur dönsk bæjarfélög hafa reynt að sporna við samþjöppun innflytjenda og boðið „ekta Dönum“ ódýra leighúsnaði í fjölbýlishúsum þar sem íbúar eru um 98% innflytjendur og mörg félagsleg vandamál til staðar. Þetta hefur ekki boríð árangur. Sum hverfin eru með slíkan fjöldaslegra vandamála að erfitt hefur verið að finna grunnskólaðkennara og jafnvæld heimilislækna til að vinna í ákvæðum hverfum. Undirrituð er þó ekki á þeirri skoðun að jafnaðarmerki sé a milli innflytjenda og félagslegra vandamála en er á þeirri skoðun að ef vel á að takast upp í aðlögun ólíkra menningarhópa í fjölmenningsamfélagi verður að vera skýr stefna frá stjórnvöldum til að allir samfélagsmeðlimir geti fengið að njóta sín í nýrri samfélagsmynd.

Ég vil nota tækifærið til að hvetja alla stjórnmalaflokka Íslands að mynda sér afstöðu í þessum málum svo að Ísland geti komist hjá mörgum af þeim vandamálum sem hin Norðurlöndin hafa verið að kljást við þegar tveir eða fleiri ólíkir menningarhópar hittast í nútíma samfélagi.

## Tveir öflugir taka höndum saman

**SANDVIK**  
Coromant

# FOSSBERG

Nýr umboðsaðili fyrir Sandvik renniverkfæri á Íslandi



Pann 1. september 2006 tók Fossberg ehf. upp samstarf við Sandvik Coromant og verður hér eftir einkaumboðsaðili fyrir vörur fyrirtækisins á Íslandi.

Til að kynna breytingarnar bjóðum við rennismiðum til morganverðarfundar á:

**Nordica hótel, mánudaginn 11. september, kl. 9:00-10:30**

Þar munu tæknimenn frá Sandvik kynna vörur og þjónustu Sandvik Coromant og farið verður yfir hvernig staðið verður að sölu og þjónustu á þessum vörum.

Margar spennandi nýjungar verða einnig kynntar á fundinum.

[www.fossberg.is](http://www.fossberg.is)



# FOSSBERG

Dugguvogi 6 Sími: 5757 600

## Kærleiksþjónustan og kirkjan í dag

### Umraðan

#### Kærleikurinn

Á morgun, föstudaginn 15. september, standur Djáknafélag Íslands fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni Kærleiksþjónustan og kirkjan í dag. Tilgangurinn með ráðstefnunni er að stuðla að almennri umfjöllun um hlutverk, ímynd og framtíð kærleiksþjónustunnar en tilefnid er átaksár bjóðirkirkjunnar um kærleiksþjónustu og hjálpstarfstarf sem standur nú yfir.

Í boðun Jesú var kærleikurinn mestur. Hann kenndi að við ættum að elska náunga okkar eins og okkur sjálfar. Kærleiksþjónusta, díakonía, er umhyggja gagnvart náunganum, þjónusta við náungann sem hefur það að markmiði að mæta þörfum manneskjunnar í heild, til sálar, andna og líkama.

Á ráðstefnunni verður hugtakið kærleiksþjónusta tekið til umfjöllunar. Fjallað verður meðal annars um hvað er kærleiksþjónusta, hvað felur hún í sér og um hvers konar kirkjulegt starf er



RAGNHILDUR ÁSGEIRS- ÞÓTTIR

verið að ræða. Kærleiksþjónustan í þjóðirkirkjuni verður skoðuð sérstaklega en einnig verður fræðst um kærleiksþjónustu á víðari vettvangi. Djáknafélagið hefur fengið Heide Paakjaer Martinussen frá evrópsku kærleiksþjónustusamtökum Eurodiaconia sem fyrirlesara á ráðstefnuna. Í fyrirlestri sínum mun hún tengja umræðuna um stöðu kærleiksþjónustu kirkjunnar í Evrópu í dag við frásagnir af kærleiksþjónustu af vettvangi aðildarfélaga samtaka hennar sem starfa í um 20 löndum.

Mikilvægt er við uppyggingu kærleiksþjónustu þjóðirkirkjunnar að kynna sér kærleiksþjónustu annarra kirkna og hvernig bæði hinarr ymsu kirkjur og félög sjálfutver sitt og haga vinnu sinni. Ráðstefnan er því kjörið tækifæri fyrir þau sem vilja láta sig kærleiksþjónustu kirkjunnar varða og hafa áhuga að málefnum hennar. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á [www.kirkjan.is/di](http://www.kirkjan.is/di).

Höfundur er djákni við Fella- og Hölakirkju og situr í stjórn Djáknafélags Íslands.

### AF NETINU

#### Skríllandið

##### Viðbrögð við leiðara Kára Jónassonar

Í mínu undgæmi var helsta hættan í Reykjavík sú að maður dræpist úr leiðindum. Nú er Ísland ekki lengur það friðarríki sem það eitt sinn var, morðtíði hér nálgast evrópskt meðallag. Óður skrill veður uppi auk atvinnuglæpamanna, jafn til íslenskra sem erlendra. Kári bendir réttilega að græðgi foreldra valdi því að þau megi ekki vera að því að sinna afkvænum sínum, „því Lóa þarf að fá sér fötin ny“. Skjámiðlar sjá um uppeldi barna sem verða málheft fyrir vikið, geta ekki tjáð hugsanir og kennir vegna skorts á orðaforða (þetta er reyndar alþjóðlegt vandamál).

Skelmir á skoðanavef visir.is



## FRJÁLSLEGUR OG VANDAÐUR

### KVENFATNAÐUR

Fatnaður frá þýska merkinu  
Hayman fæst nú í Anas í  
Hafnarfirði.

TÍSKA 2



## BLÓMASKREYTINGAR

Blómaborpíð er spennandi verkstæði þar sem útbúnar eru fallegar og sérstakar blómaskreytingar.

HEIMILI 10

FASTEIGNIR HEIMILI

HEILSA

HÚS BÖRN

NÁM

FERÐIR

MATIR

BÍLAR

TÍSKA

ATVINNA

BRÚÐKAUP

TILOÐ

O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## ALLT HITT

[TÍSKA HEILSA HEIMILI]

**Skartgripaverslanir** Tiffany & co hafa tilkynnt að tekjur hafi lækkad töluvert á öðrum ársfjórðungi 2006. Þrátt fyrir niðursveifluna eru forvarsmeðnir fyrirtækisins bjartsýnir á framtíðina, meðal annars þar sem til stendur að fjölgum verslunum og kynna nýjar vörur til sögunnar.

**Föndurstofan** var nýverið flutt á neðri hæð Síðumúla 15 og var opnuð 4. september síðastliðinn. Nú er opíð 13.00 - 18.00 virka daga og laugardaga 12.00-15.00. Frá og með 14. september verður opíð á fimmtudagskvöldum til kl. 21.00. Þar verður mikil af nýjum námskeiðum í boði, meðal annars kortagerð, geisladiskasaumur og grænlenskur perlausumur. Sjá [www.fondurstofan.net](http://www.fondurstofan.net).

**Bandarisk rannsókn** hefur leitt í ljós að hjónaband dregur úr þunglyndi. Sva virðist sem þunglyndissjúkingar þurfi á tilfinningalegri nánd að halda sem fæst í hjónabandinu. Niðurstöðurnar komu á óvart þar sem búist var við að rannsóknin sýndi fram á hið gagnstæða. Þetta kemur frá [www.persona.is](http://www.persona.is).

## GÓÐAN DAG!

I dag er fimmtudagurinn  
7. september, 250. dagur  
ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
Reykjavík 6.27 13.26 20.23  
Akureyri 6.07 13.10 20.12

Heimild: Almanak Háskóla Íslands



Steinunn Bergsteinsdóttir með einni blómstrandi orkideunni sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Sérstakt augnayndi

**Steinunn Bergsteinsdóttir** er mikil blómakona og hefur síðastiðin ár ræktat að orkideur heima hjá sér með góðum árangri.

„Ég keypti mér orkideu fyrir nokkrum árum og svo tók hún upp á því að blómstra eitt vorið. Þá varð ég svo montin að ég fór og keypti mér fleiri,“ segir Steinunn en orkideur þurfa sérstaka umönnun til að þær blómstri enda vaxa þær yfirleitt bara í regnskógunum. „Í skóginum hanga þær utan á trjánum og fá óbeint sólarljós í gegnum laufþykki. Þannig að þær þurfa alltaf birtu en takmarkað sólarljós og góðan raka.

Upp á birtuna að gera er best að hafa þær í glærum blómapotum og láta þær standa innan við gluggann bannig að þær fái hæfilegt sólarljós. Svo verður að passa að þær séu alltaf rakar. Þær mega ekki

standa í vatni heldur er best að vökva þær smávegis á hverjum degi og úða þær,“ segir Steinunn. Orkideurnar blómstra ekki á veturna enda er ekki nægileg birta þá en þær bæta það margfalt upp á sumrin. „Elsta orkidean mín blómstrandi þvíslíkt í fyrra. Það komu sextíu blóm og þetta var hreinlega eins og foss. Blómin eru svo afskalega falgleg og standa svo lengi sem mér finnst mikill kostur.

Blóm eru líka svo heimilisleg þó maður megi nú ekki drukkna í þeim. Blómaraðt kallar nefnilega á mikil viðhald og stúss ef betta á að vera eitthvað fallegt,“ segir Steinunn en nú er hún að fara að flytja og þarf að búa jafn vel um blómin í nýja húsnæðinu. „Hér er ég með pakglugga sem gerir stofuna svo bjarta og hentuga fyrir ræktun á blómstrandi blómum. Ég vona bara að orkideum mínum eigi eftir að líða jafn vel í nýja húsnæðinu.“ [erlajorg@frettabladid.is](mailto:erlajorg@frettabladid.is)



Simon Fuller framleiddi American Idol þættina.

## Tískukóngurinn Fuller

SIMON FULLER SKAPAR SÉR NAFN Í TÍSKUBRANSANUM

Þáttaframleiðandinn Simon Fuller og tískufrómuðurinn Roland Mouret tilkynntu nýverið að þeir hygðust opna saman nýja hönnunarskrifstofu undir heitinu 19Rm. Fuller sagði í viðtali að þeir félagar sæju fram á endalausa möguleika með hið nýja fyrirtæki. Sé haft í huga hversu vel Fuller hefur tekist upp í skemmtanaiðnaðinum með þáttum á borð við American Idol og Pop Idol má vænta mikils af þeim í framtíðinni.

## Tessa eikarhúsgögn á betra verði



Sjónvarpsskápur  
48x108x75 Kr. 49.000,-



Glerskápur  
48x108x150 Kr. 79.000,-  
48x108x200 Kr. 99.000,-



Skenkur  
48x154x90 Kr. 79.000,-  
48x200x90 Kr. 130.000,-



Leðurstó:: bicast  
Eikarfætur Kr. 15.900,-



Borðstofuborð  
210x100x75 Kr. 99.000,-  
200x90x75 Kr. 69.000,-  
160x90x75 Kr. 59.000,-



Sofaborð  
140x70x45 Kr. 39.000,-  
110x65x43 Kr. 35.000,-  
100x100x52 Kr. 39.000,-

Lampaborð  
70x70x45 Kr. 29.000,-

55x55x43 Kr. 23.000,-

Tessa vörurnar eru dönsk hönnun  
úr gegnheilli olíuborinni eik og  
afhendast samsettar.

HÚSGAGNA HEIMILD

**Varir eiga að vera áberandi í vetur** og sterkir djúpir litir eru notaðir til að framkalla þær. Vanda skal verkið og velja góða varaliti en ekki bara skella á sig glossi og hlaupa út. Augun munu fyrir viki fá minni athygli og verður varaliturnn aðalvopnið í snyrtibuddu vetrarins.



**Augnháralitur og augnbrúnalitur**  
Tana® Cosmetics



**NYTT!!**  
**Plokktari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

**Pú verður að eignast  
*trippen***



**trippen** skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. [trippen.is](http://trippen.is)

**NP**

**Nýjar hausttvöruur frá NP**

[www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)  
Opn mán-fös 11-18, laugardaga 11-15  
belladonna  
Hlíðarsmára 11 • Kóp. • s 517 6460 • Laugavegi 66 s 578 6460

**ALCO-GEL**  
Sótthreinsandi handgel.  
Engin þörf fyrir sápu og vatn.



Fæst í apótekum  
um land allt.

**Dr. Fischer**



## Alúð lögð í skreytingar og allan frágang

Frjálslegur og vandaður kvenfatnaður frá þýska framleiðandum Heymann er nýkominn í verslunina Anas í Firðinum í Hafnarfirði.

„Ég rakst á þessi fallegu fót á sýningu í Düsseldorf. Ég sá að þau þössuðu ágætlega inn í þá línu sem Anas hefur fylgt og hefur fallið í kramið hér á landi,“ segir Anna Porsteinsdóttir, verslunareigandi í Anas. Þar á hún við fatnadráinn frá Heymann sem er meðal bess sem athygli vekur þegar haustfatnadráinn í búðinni hennar er skoðaður. Hún segir Heymann vera þekktan hönnuð í Evrópu þó svo að vörur hans hafi ekki rekið fyrir á íslenskar fjörur svo vitað sé. Fötin frá honum eru úr góðum efnum og greinileg alúð lögð í skreytingar og frágang.



Kápa með stórum  
kraga úr örðru  
efni sem skreytir  
líka hliðar hennar  
neðan við brydd-  
aða vasana.

## Hlýlegt haust frá Dior

NÚ ER HAUSTLÍNAN FRÁ DIOR  
KOMIN Í SNYRTIVÖRUVERSLANIR  
LANDSINS EN HÚN EINKENNIST AF  
HLÝJUM, KVENLEGUM OG ELEGANT  
LITUM.

**1. Dior Detective Chic** Púðurfarði  
í fjórum litum sem ætlaður er fyrir  
andlit og augnsvæði. Þessi púðurfarði  
er í einstaklega flottum umbúðum;  
eins konar leðurveski sem minnir á  
sjötta og sjóunda áratuginn.

**2. Augnskuggabox með fimm litum**  
Hvort sem þú kyst að hafa förðunina  
náttúrulega, eða íburðarmikla  
og elegant, þá bjóða þessir  
fimm litir upp á hvort tveggja;  
Dímmfjölblátt, bleikt, túrkis,  
ljós og dökkgraðt og þú sérð  
svo um að blanda þeim eftir  
smag og behag.

**3. Stakur augnskuggi** Fal-  
legur túrkisbláur augnskuggi  
sem minnir á hausthiminn í  
ljósaskiptum.

**4. Lively Mauve** Kinnalitur  
sem nota á éfst á kinnbeinin  
eða vel yfir kinnin.

**5. Varir. 1, Lip Beautyfier**  
Leyndarmál förðunarfræðinga  
Dior. Lip Beautyfier varagljáin



frá Dior inniheldur jurtir sem örva  
blóðstreymi til varanna og gera þær  
stærri og mykri.

**6. Diorshow Unlimited maskari** Nýi  
maskarinn frá Dior brettir og lengir  
augnhárin en burstinn er sérstaklega  
hannaður þannig að hægt sé að nota  
hann á tvenna vegu. Önnur hliðin er  
slétt og með henni er liturinn borinn  
á um leið og augnhárin eru brett upp,  
svo er hin hliðin notuð til að greiða  
augnhárin og lengja.

**7. Airy Mauve varablýantur** Mjúkur  
og þægilegur varablýantur í bleik-  
sanseruðum tón.

## BIBA merkið endurlífgað

Á sjötta áratugnum var það tíska-  
merkið BIBA sem kom af stað hinni  
svokölluðu London tíska, og hrinti  
af stað hugmyndinni að tíska væri  
fyrir alla, sama hver fjárhagurinn  
væri.

Verslun þeirra á Kensington  
High Street var sótt af tísksúprystum  
konum hvaðanæva að og var  
Topshop síns tíma. Nú er  
verið að endurlífa merkið  
og búið að hanna heila  
línu sem sýnd verður á  
tískuvíkunni í London,  
en aðalhönnuður Biba  
er Bella Freud. Kominn  
var tími til, að mati  
margra, þar sem  
gamli Biba kjólar eru  
mjög vinsælir og eru  
seldir dýrum dóum  
á upphöðum.  
Stjörnur eins og  
Kate Moss, Alison  
Goldfrapp og Chloe  
Sevigny hafa þegar  
sýnt merkinu mikinn  
áhuga og eiga eflaust  
eftir að sjást klæðast  
nýjustu flíkunum  
fljótegla.



## Einu til tveimur númerum of stórt

Fyrir konur sem kjósa bægindi fram yfir þjáningu (því sumir segja að stundum sé þjáning nauðsynleg til að vera smart) eru góðar fréttir framundan.

Haustlínur flestra tískuhúsanna innihalda flíkur sem virðast vera nokkrum númerum af stórar, svipað og tíðkaðist við upphaf tíunda áratugarins. Víðar buxur, stórar kápur og skósförl treflar... allt verður þetta í gangi í vetur. Passaðu bara að treflillinn verði ekki úti þegar þú lokar bílhurðinni. - mhg

Á maðurinn þinn flott föt inni í skáp? Nú er um að gera að skoða skyrtunar hans og byrja að máta. Eða buxurnar ef því er að skipta. Strákslegur kynþokki frá Louis

Vutton sem minnir á það sem Coco Chanel gerði þegar hún fékk konur fyrst til að ganga í buxum.



Einfalt en ákaflega elegant snið frá Chloé tískuhúsinu. Takið eftir stærð kragans og hvernig beltið er lauslega bundið um mittið.

# alltferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga



Alexander McQueen. Flottur poka-pels og ótrúlega kósi sokkar með austurriku yfirbragði.

### Pelsar fyrir veturinn

UM LEIÐ OG HITASTIGIÐ LÆKKAR Í LOFTINU KOMA PELSARNIR ÚT ÚR SKÁPUNUM.

Pelsarnir í vetrar verða stórir og íburðarmiklir í margskonar litum. Alexander McQueen er áraðinn að vanda og dregur hvergi undan í glamur og kynþokka. Costello Tagliapietra sækir innblástur til seinni stríðsára og Burberry Prorsum blandað hér saman hefðbundnu frakkasniði við pils/pels. Hrikalega smart.



Burberry Prorsum. Hér má sjá afkvæmi pels og frakka sameinast í einni flík. Mjög heimsborgaralegt.



Seinni stríðsárin einkenndust af miklum glamur og kynþokka sem hönnuðurinn Costello Tagliapietra hefur nýtt sér við þessa hönnun.

**LANDSINS STÆRSTI SKÓMARKAÐUR OPNAR Í DAG Í PERLUNNI KL. 13.00**

7-17. september

# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

### Frábært úrval!

Dömu, herra og barnaskór í miklu úrvali. Leðurstígvel, spariskór, sportskór, inniskór, útilifs skór, leðurtöskur, tautöskur, bakpokar, sokkar ofl.ofl...

### Nýjar og nýlegar vörur frá bekktum framleiðendum!

Sixty Seven, Mustang, Pony, Jose Sanches, YasYas, Romanini, Rebook, Blend, Skechers, Vagabond, Timeless, Spot On, ofl.

# EINFÖLD VERÐ

500

1000

2000

3000

4000

5000

6000

### Opnunartími

Virkir dagar frá 13.00 til 18.00.  
Um helgar frá 12.00 til 18.00.

Markaðurinn er á jarðhæð Perlunar frá fimmtudeginum 7. september til sunnudagsins 17. september.

Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**  
Tana® Cosmetics

**NYTT!!**  
**Plokktari með ljósi**

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

**Fallegar töskur**  
Frábært úrval  
**Drangey**

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

**Ertu skóhólisti?**

Það er til lausni!  
Fallegu Clearbox dömuðskjumar eru svar þitt við hrúgum sem flæða út úr skóskápunum.  
Oskjumar eru líka til í stærðum fyrir stigvéládhugamenn og skára.  
Notaðu augljósu geymsluáðferðina.

[www.theclearbox.com](http://www.theclearbox.com) - sími 511 0909

**uniQue** Húð, hár og heilsuvörur  
Fördunar lína **Volare**

Vantar þig vinnu? Hafðu samband!

Lilja Dóra s. 8657036  
Eydis Björk s. 8695226

Kiktu á [www.volare.is](http://www.volare.is)  
Verðum í Egilshöll 7-11 sept.

**NÝTT OG BETRA GRAS!**

**EKKERT GERVIGRAS!**

[WWW.GRAS.IS](http://WWW.GRAS.IS)



## Silki við öll tækifæri

Í Ármúla 42 er til húsa Gallery Kína, sem selur ógrynni af kínverskum listmunum en einnig fallegan kínverskan fatnað.

Það er skemmtilegt að litast um í Gallery Kína enda ótal kínverskir listmunir sem prýða verslunina sem vanalega sjást ekki í öðrum íslenskum verslunum. Innan um vasana, postúlinið og handverkin er að finna fallegan fatnað sem gerður er úr 100% silki og með kínverskum munstrum. Slæður, kjólar og buxur í stíl eru til í öllum stærðum og eru flott í bland við venjulegan fatnað eins og gallabuxur eða einlita boli.



Lítill handtaska. Töskurnar fást í öllum litum og passa vel undir varalitinn, veskið og simann.

**Úr háborg tískunnar**  
BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Allt stafrófið er svo ...

Sumarið senn á enda og skólabörn hér á landi sest á skólabekk, sum hver reyndar fyrir tveimur vikum, eða þau sem hafa fjögurra daga skólaviku og eru ekki í skóla fyrir hádegi á laugardögum eins og þau sem byrjuðu í þessari viku.

Lífið er að komast í fastar skorður hér í borg, flestir kommir heim úr fríi. Eitt af því fyrsta sem margir gera er einmít að kaupa skólaþóf fyrir þau yngstu og líklegt er að næsta laugardag verði stærsti verslunardagur haustsins í búðum eins og H & M, Zara og Gap. Hér er laugardagur aðalverslunardagurinn en sem betur fer er enn óleyfilegt að opna búðir á sunnudögum í flestum stórborgum Frakklands. Því verslar almenningur á laugardögum. Nú þurfa jafnt grunnskóla- sem menntaskóla-krakkar að fá nýjar flíkur fyrir skólam til að vera almennilega til fara. Í neyslupjóðfélagi okkar er það nauðsynlegt til að forðast aðkast og einelti í skólamátaði föt. Hún hafði þegar Fendi-tösku á öxlinni og nú átti að bæta Coco í safnið. Hvað hefur þessi stúlka lært um manngildi eða hvað þarf að hafa fyrir hlutunum í lífinu? Pað verður erfitt að toppa Chanel-töskuna um tvítgut eftir að hafa byrjað tíu ára. Pað er hætt við að það geti orðið erfitt að finna eitthvað spennandi til að gefa lífinu gildi.

Prada íþróttaskóna sem hafa verið seldir um langt skeið eða röndóttu peysurnar frá Sonia Rykiel sem eru með sömu röndum fyrir fullorðna? Viðskiptavinir tískuhúsanna á Avenue Montaigne hafa löngum komið við hjá Dior og skotist svo yfir til Baby Dior til þess að mæðgur geti verið eins til fara. Nýjasta tískuhúsið sem blandað sér í barnafataviðskiptin er D & G sem er ódýrari lína Dolce & Gabbana og er seld í búðinni efst á Rivoli-götu, rétt fyrir neðan Concorde-torgið. Sá síðasti sem skellir sér í barnaslaginn er Roberto Cavalli.

EKKI VEIT ÆG hvort börnin sem eru í lúxusfataviðskiptin frá tískuhúsum séu hamingjusamarí í skólanum en önnur. Pað er ekki hægt annað en að sprýra hvers þau geti vænt seinna meir í lífinu. Æg gat ekki annað en hugsað um verðgildi hlutanna þegar sá tíu ára stúlku velja sér Chanel-tösku í búðinni við Cambon-götu, alein meðan móðirin mátaði föt. Hún hafði þegar



## Góð ráð fyrir kvöldið

Til að virka grennri er gott að fara í buxur með viðum skálum og vera í topp sem liggar laust að. Forðast skal flíkur með stórum vösum framan á, eða annað skraut sem dregur athyglina að maganum.

